

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 531/2012 frá

2012/EES/67/52

13. júní 2012

um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins (*)

(endurútgefin)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-bandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007 frá 27. júní 2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins ⁽³⁾ hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Markmiðið um að draga úr muninum á landsbundnum gjaldskrá og reikigjaldskrá, sem er hluti af ramma framkvæmdastjórnarinnar um setningu viðmiðana fyrir 2011-2015, stutt af nefnd háttsettra embættismanna 2010 í nóvember 2009 og hluti af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar undir yfirskriftinni „Stafræn áætlun fyrir Evrópu“, skal einnig vera markmið þessarar reglugerðar. Fyrirhuguð aðskilin sala á reikijónustu og landsbundinni þjónustu ætti að auka samkeppni og lækka þannig verð til viðskiptavina og mynda innri markað fyrir reikijónustu í Sambandinu þar sem ekki er umtalsverður mismunur á landsbundnum gjaldskrá

og reikigjaldskrá. Reikijónusta innan Sambandsins getur örvað þróun innri fjarskiptamarkaðar innan Sambandsins.

3) Ekki er hægt að segja að innri fjarskiptamarkaður sé til á meðan umtalsverður verðmunur er á milli landsbundins verðs og reikiverðs. Því ætti endanlegt markmið að vera að afnema muninn á landsbundnum gjöldum og reikigjöldum og koma þannig á fót innri markaði fyrir farsímafjarskipti.

4) Hið háa verð sem notendur almennra farsímaneta, s.s. námsmenn, ferðamenn í viðskiptaerindum og ferðamenn þurfa að greiða fyrir talsíma-, smáskilaboða- og gagnþjónustu í reiki er hindrun þegar þeir nota farsamskiptatæki sín á ferðalögum erlendis innan Sambandsins og er landsbundnum stjórnvöldum áhyggjuefni, sem og neytendum og stofnunum Sambandsins, og er umtalsverð hindrun á innri markaðinum. Hin óhóflegu smásölugjöld eru afleiðing hárra heildsölugjalda sem erlendir rekstraraðili hýsinetsins og einnig, í mörgum tilvikum, afleiðing hárrar smásöluálagningar sem rekstraraðili nets viðskiptavinarins leggur á. Vegna skorts á samkeppni, skilar lækkun heildsölugjalda sér oft ekki til viðskiptavinarins sem kaupir í smásölu. Þó svo að sumir rekstraraðilar hafi nýlega kynnt gjaldskrárkerfi, þar sem viðskiptavinum eru boðin hagstæðari skilyrði og eitthvað lægra verð, eru enn vísbendingar um að tengsl milli kostnaðar og verðs séu langt frá því að halda velli á markaði þar sem samkeppni ríkir.

5) Há reikigjöld skapa hindrun fyrir viðleitni Sambandsins til að þróast yfir í þekkingarhagkerfi og að koma á innri markaði með 500 milljón neytendum. Gagnaflutningar með farsamskiptatækjum eru auðveldaðir með því að úthluta fullnægjandi fjarskiptatíðnirófi þannig að neytendur og fyrirtæki geti notað talsíma-, smáskilaboða- og gagnþjónustu hvar sem er í Sambandinu. Með því að kveða á um tímanlega úthlutun fullnægjandi og viðeigandi tíðnirófs til að styðja stefnumið Sambandsins og uppfylla vaxandi þörf fyrir þráðlausa gagnaflutninga á sem bestan hátt, mun stefnuáætlun til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf sem komið er á með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB ⁽⁵⁾ greiða leiðina fyrir þróun sem gerir Sambandinu kleift að taka hnattræna forustu í hraða, hreyfanleika, umfangi og flutningsgetu háhraðatenginga, auðvelda nýjum viðskiptalíkönum og tækni að koma fram, og stuðla þannig að því að draga úr formgerðarvanda í heildsölu á reikijónustu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 173/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 24, 28.1.2012, bls. 131.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 10. maí 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 30. maí 2012.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32.

⁽⁴⁾ Sjá I. viðauka.

⁽⁵⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 243/2012/ESB frá 14. mars 2012 um að koma á stefnuáætlun til margra ára varðandi fjarskiptatíðniróf (Stjtið. ESB L81, 21.3.2012, bls. 7).

- 6) Hin útbreidda notkun farsamskiptatækja með Nettengingu þýðir að gagnareiki hefur mikla efnahagslega þýðingu. Þetta er mikilvæg viðmiðun fyrir notendur og þá sem bjóða fram hugbúnað og efni. Til að örva þróun þessa markaðar skulu gjöld fyrir gagnaflutninga ekki hamlavexti.
- 7) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar með fyrisögninni „Um bráðabirgðaskýrslu um stöðu þróunar á reikihjónustu innan Evrópusambandsins“ var bent á að tækniþróun og/eða valkostir við reikihjónustu, eins og tiltækileiki talsímaþjónustu á Netinu (VoIP) eða þráðlaus netaðgangur (WiFi), geti gert innri markaðinn með reikihjónustu í Sambandinu samkeppnishæfari. Þó að landsbundin notkun þessara valkosta, einkum talsímaþjónustu á netinu, hafi aukist við innlenda notkun er engin umtalsverð þróun á notkun þeirra í reiki.
- 8) Í ljósi örrar þróunar á gagnaflutningum með farsamskiptatækjum og vaxandi fjölda viðskiptavina sem nota talsíma-, smáskilaboða- og gagnaþjónustu í reiki erlendis er þörf á að auka þrýsting af völdum samkeppni til að þróa ný viðskiptalíkön og tækni. Verðstýring reikigjalda skal hönnuð þannig að hún letji ekki til samkeppni í lægri verðflokkum.
- 9) Sköpun evrópsks félags-, mennta-, menningar- og atvinnusvæðis, sem byggist á hreyfanleika einstaklinga og stafrænna gagna, ætti að greiða fyrir samskiptum milli fólks til að byggja upp raunverulega „Evrópu fyrir borgarana“.
- 10) Markmiðið með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/19/EB frá 7. mars 2002 um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu (tilskipun um aðgang) ⁽¹⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/20/EB frá 7. mars 2002 um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun) ⁽²⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB frá 7. mars 2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipun) ⁽³⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ⁽⁴⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ⁽⁵⁾ (hér á eftir nefndar „regluramminn frá 2002 um rafræn fjarskipti“) er að skapa innri markað fyrir rafræn fjarskipti innan Sambandsins en tryggja um leið öflugna neytendavernd samfara aukinni samkeppni.
- 11) Reglugerð (EB) nr. 717/2007 er ekki sjálfstæð ráðstöfun heldur til fyllingar og styður, að því er varðar reiki innan Sambandsins, reglurnar sem kveðið var á um í reglurammanum um rafræn fjarskipti frá 2002. Sá regluramma hefur ekki veitt landsbundnum stjórnvöldum nægileg úrræði til að grípa til skilvirkra og afgerandi aðgerða, með tilliti til verðlagningar á reikihjónustu innan Sambandsins, og hefur því ekki tryggt snurðulausa starfsemi innri markaðarins fyrir reikihjónustu. Reglugerð (EB) nr. 717/2007 var viðeigandi leið til að bæta úr þessu ástandi.
- 12) Regluramminn um rafræn fjarskipti frá 2002 byggist á þeirri meginreglu að eftirlitskyldurnar, sem lagðar eru á fyrir fram, skuli einungis lagðar á ef ekki er um virka samkeppni að ræða, þar sem kveðið er á um ferli sem felur í sér reglubundna markaðsgreiningu og endurskoðun skyldna af hálfu landsbundinna stjórnvalda, sem leiðir til þess að lagðar eru skyldur fyrir fram á rekstraraðila sem teljast hafa verulegan markaðsstyrk. Til þáttanna í þessu ferli telst skilgreining á viðkomandi mörkuðum í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar um viðkomandi markaði fyrir vörur og þjónustu á sviði rafrænna fjarskipta sem til álita kemur að lagðar verði á skyldur fyrir fram í samræmi við tilskipun 2002/21/EB ⁽⁶⁾ (hér á eftir nefnd tilmælin), greining á mörkuðum, sem eru skilgreindir í samræmi við viðmiðunarreglur framkvæmdastjórnarinnar um markaðsgreiningu, og mat á verulegum markaðsstyrk samkvæmt regluramma Sambandsins um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu ⁽⁷⁾, tilnefning rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk og fyrirframálagningu skyldna á rekstraraðila sem tilnefndir eru sem slíkir.
- 13) Í tilmælunum er landsbundinn heilðsölumarkaður fyrir alþjóðlegt reiki á almennum farsímanetum tilgreindur sem markaður þar sem reglusetning sem á sér stað fyrir fram kemur til álita. Hins vegar hefur vinnan sem landsbundin stjórnvöld, bæði á eigin vegum og innan evrópsks hóps eftirlitsaðila (ERG) og arftaka hans evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1211/2009 ⁽⁸⁾, hafa innt af hendi við að greina landsbundna heilðsölumarkaði fyrir alþjóðlegt reiki leitt í ljós að það hefur ekki enn verið mögulegt fyrir landsbundið stjórnvald að taka með skilvirkum hætti á hinum háu heilðsölugjöldum fyrir reiki innan Sambandsins þar sem erfitt er að bera kennsl á þau fyrirtæki sem hafa verulegan markaðsstyrk í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem ríkja varðandi alþjóðlegt reiki, þ.m.t. að þjónustan er í eðli sínu yfir landamæri. Í kjölfar gildistöku reglugerðar (EB) nr. 717/2007 var reikimarkaðurinn dreginn til baka úr endurskoðuðum tilmælum ⁽⁹⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 114, 8.5.2003, bls. 45.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 165, 11.7.2002, bls. 6.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1211/2009 frá 25. nóvember 2009 um að koma á fót evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC) og skrifstofu (Stjtið. ESB L 337, 18.12.2009, bls. 1)

⁽⁴⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 17. desember 2007 um viðkomandi markaði fyrir vörur og þjónustu á sviði rafrænna fjarskipta sem til álita kemur að lagðar verði á skyldur fyrirfram í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 65).

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 108, 24.4.2002, bls. 51.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

- 14) Auk þess geta landsbundnu stjórnvöldin, sem bera ábyrgð á því að standa vörð um og stuðla að hagsmunum viðskiptavina sem nýta sér farsímaþjónustu og búa að öllu jöfnu á yfirráðasvæði þeirra, ekki stjórnað hegðun rekstraraðila heimsóttá netsins sem eru staðsettir í öðrum aðildarríkjum og sem viðskiptavinirnir treysta á þegar þeir nota alþjóðlega reikiþjónustu. Þessi hindrun gæti einnig dregið úr áhrifum ráðstafananna, sem aðildarríkin grípa til á grundvelli sérstaks valds þeirra til að samþykkja reglur um neytendavernd.
- 15) Í samræmi við það er þrýst á að aðildarríkin grípi til ráðstafana til að bregðast við háum gjöldum á alþjóðlegu reiki en það fyrirkomulag sem landsbundin stjórnvöld geta notað til að grípa inn í fyrir fram með reglusetningu, sem kveðið var á um í reglurammanum frá 2002 um rafræn fjarskipti, hefur ekki reynst fullnægjandi til að gera þessum yfirvöldum kleift að bregðast við með afgerandi hætti í þágu neytenda á þessu sértæka sviði.
- 16) Í ályktun Evrópuþingsins um reglusetningu og markaði á sviði rafrænna fjarskipta í Evrópu⁽¹⁾ var þess enn fremur farið á leit við framkvæmdastjórnina að hún þróaði ný framtaksverkefni til að draga úr miklum kostnaði við farsímaumferð yfir landamæri en á fundi leiðtoga ráðsins 23. og 24. mars 2006 var komist að þeirri niðurstöðu að hnitmiðuð, skilvirk og samþætt stefna að því er varðar upplýsinga- og fjarskiptatækni, bæði á vettvangi Sambandsins og innlendum vettvangi, sé mikilvæg til að ná fram markmiðum um hagvöxt og framleiðni og þar var einnig bent á mikilvægi þess fyrir samkeppnishæfni að lækka reikigjöld.
- 17) Reglurammanum um rafræn fjarskipti frá 2002 var, á grundvelli álitafna sem voru sýnileg á þeim tíma, ætlað að ryðja úr vegi öllum viðskiptahindrunum milli aðildarríkjanna á því sviði sem verið var að samræma, m.a. ráðstafanir sem hafa áhrif á reikigjöld. Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir að samþykktar verði samræmdar reglur, sem eru samstíga öðrum álitafnum, í því skyni að koma auga á skilvirkustu leiðirnar til að auka samkeppni á innri markaðinum fyrir reikiþjónustu og ná fram öflugri neytendavernd.
- 18) Því skal í þessari reglugerð gera ráð fyrir frávikum frá þeim reglum sem annars gilda samkvæmt reglurammanum um rafræn fjarskipti frá 2002, einkum ramma-tilskipuninni, þ.e. að verð fyrir boðna þjónustu skuli ákvarðað með viðskiptasamningi þegar sterk markaðsstaða er ekki fyrir hendi og gera þannig kleift að innleiða frekari lögboðnar skyldur sem endurspeglar sérstök einkenni reikiþjónustu innan Sambandsins.
- 19) Smásölu- og heilidsölumarkaðurinn með reiki búa yfir einstökum eiginleikum sem réttlæta sérstakar ráðstafanir sem ganga lengra en þær aðferðir sem eru annars í boði samkvæmt reglurammanum um rafræn fjarskipti frá 2002.
- 20) Beita skal sameiginlegri, samræmdri aðferð til að tryggja að notendur almennra farsímaneta á ferðalagi innan Sambandsins borgi ekki óhóflegt verð fyrir reikiþjónustu innan Sambandsins og auka þannig samkeppni varðandi reikiþjónustu á milli veitenda reikiþjónustu og ná fram öflugri neytendavernd og hvatningu til nýsköpunar og vals neytenda. Í ljósi þess að þjónustan, sem um ræðir, er eðli málsins samkvæmt, veitt yfir landamæri er þörf á slíkri sameiginlegri aðferð til að veitendur reikiþjónustu geti starfað innan eins samfellds regluramma sem byggist á viðmiðunum sem settar eru með hlutlægum hætti.
- 21) Reglugerð (EB) nr. 717/2007 mun falla úr gildi þann 30. júní 2012. Áður en hún féll úr gildi lét framkvæmdastjórnin fara fram endurskoðun í samræmi við 11. gr. hennar, til að meta hvort markmiðum þeirrar reglugerðar hafi verið náð og til að endurskoða þróun heilidsölu- og smásölugjalda fyrir að veita reikiviðskiptavinum talsíma-, smáskilaboða- og gagnafjarskiptaþjónustu. Í skýrslu hennar til Evrópuþingsins og ráðsins frá 6. júlí 2011 um niðurstöðu endurskoðunar á framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 717/2007, komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að rétt væri að framlengja gildistíma reglugerðar (EB) nr. 717/2007 fram yfir 30. júní 2012.
- 22) Gögn um verðþróun á reikiþjónustu fyrir talsímaþjónustu, smáskilaboð og gagnaflutninga innan Sambandsins frá því að reglugerð (EB) nr. 717/2007 öðlaðist gildi, þ.m.t. einkum þau sem landsbundin stjórnvöld hafa tekið saman og tilkynnt ársfjórðungslega í gegnum evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta, gefa ekki til kynna að samkeppnin í smásölu eða heilidsölu hafi þróast með réttu og verði sjálfbær frá og með júní 2012 ef engar stjórnvaldsráðstafanir koma til. Slík gögn benda til að smásölu- og heilidsöluverð á reiki séu enn mun hærri en landsbundin verð og leiti áfram upp að mörkunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 717/2007 eða nálægt þeim en undir þeim mörkum er aðeins takmörkuð samkeppni.
- 23) Þegar verndarreglurnar, sem gilda um reikiþjónustu í smásölu eða heilidsölu innan Sambandsins, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 717/2007, falla úr gildi 30. júní 2012, eykst því umtalsvert hættan á því að skorturinn á samkeppnisþrýstingi á innri markaðinum fyrir reikiþjónustu og hvati veitenda reikiþjónustu til að hámarka tekjur sínar af reikiþjónustu leiði til þess að verð á reiki innan Sambandsins, í smásölu jafnt sem heilidsölu, endurspegli ekki kostnaðinn að baki því að veita þjónustuna og stofni því markmiðum þeirrar reglu-

⁽¹⁾ Stjóð. ESB C 285 E, 22.11.2006, bls. 143.

gerðar í hættu. Íhlutun með reglusetningu á markaði fyrir reikiþjónustu skal því framlengd fram yfir 30. júní 2012 til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins með því að gera samkeppni kleift að þróast, en um leið ábyrgjast að neytendur geti áfram verið öruggir um að verða ekki látnir borga óhóflegt verð, miðað við samkeppnishæf verð í hverju ríki fyrir sig.

- 24) Landsbundin stjórnvöld skulu styðja við stefnumarkmiðin sem mælt er fyrir um í 8. gr. rammatilskipunarinnar varðandi möguleika endanlegra notenda á að fá aðgang að og dreifa upplýsingum eða keyra hugbúnað og þjónustu að eigin vali.
- 25) Til þess að gera þróun á skilvirkari, samþættari og samkeppnishæfari markaði fyrir reikiþjónustu mögulega skulu ekki vera neinar takmarkanir sem hindra fyrirtæki í því að semja með skilvirkum hætti um heildsöluaðgang í þeim tilgangi að veita reikiþjónustu. Fjarlægja skal hindranir fyrir aðgangi að reikiþjónustu í heildsölu vegna mismunandi samningsstöðu og eignarhalds fyrirtækja á grunnvirkjum. Rekstraraðilar sýndarfarsímaneta (MVNO) og endurseljendur farsímafjarskiptaþjónustu án eigin netgrunnvirkja veita yfirleitt reikiþjónustu á grundvelli viðskiptasamninga um heildsölu á reiki við rekstraraðila hýsifarsímanets í sama aðildarríki. Viðskiptaviðræður geta hins vegar ekki gefið næga framlögð fyrir rekstraraðila sýndarfarsímaneta og endurseljendur til að örva samkeppni með lægri verðlagningu. Með því að fjarlægja þessar hindranir og jafna samningsstöðu rekstraraðila sýndarfarsímaneta/endurseljenda og rekstraraðila farsímaneta með aðgangsskyldum og þaki á heildsöluverð ætti þróun á annarri, framsækinni reikiþjónustu og tilboðum innan Sambandsins fyrir viðskiptavinum að vera auðveldari. Reglur reglurammans frá 2002 um rafræn fjarskipti, einkum rammatilskipunin og tilskipunin um aðgang, heimila ekki að tekið sé á þessu vandamáli með því að leggja skyldur á rekstraraðila með verulegan markaðsstyrk.
- 26) Því þarf að taka upp reglur sem mæla fyrir um skyldu til að uppfylla sanngjarnar óskir um heildsöluaðgang að almennum farsímanetum í þeim tilgangi að veita reikiþjónustu. Slíkur aðgangur skal vera í samræmi við þarfir þess sem óskar eftir aðgangi. Aðgangi skal aðeins hafnað á grundvelli hlutlægra viðmiðana, eins og þess að vera framkvæmanlegur í tæknilegu tilliti, eða þeirri nauðsyn að viðhalda heildstæði netsins. Ef aðgangi er hafnað getur sá málsaðili er hefur verið gert rangt til, vísad málinu í málsmeðferð til lausnar deilumála í samræmi við málsmeðferð sem sett er fram í þessari reglugerð. Til þess að tryggja jöfn samkeppnis skilyrði, skal veita heildsöluaðgang að því er varðar veitingu á reikiþjónustu í samræmi við lögboðnar skyldur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð sem gilda í heildsölu og skal taka tillit til mismunandi kostnaðarþátta sem nauðsynlegir eru við veitingu þessa aðgangs. Samræmd aðferð sem felur í sér reglusetningu um heildsöluaðgang að veitingu reikiþjónustu skal stuðla að því að forðast röskun á milli aðildarríkjana. Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta (BEREC-hópurinn) í samstarfi við framkvæmdastjórnina og í samvinnu við viðkomandi hagsmunaaðila, skal gefa út leiðbeiningar um heildsöluaðgang að því er varðar veitingu reikiþjónustu.
- 27) Skyldur um heildsöluaðgang að reiki skulu taka til veitingar beinnar reikiþjónusta í heildsölu sem og reikiþjónustu í heildsölu til endursölu af þriðja aðila. Skyldur um heildsöluaðgang að reiki skulu einnig ná yfir skyldur rekstraraðila farsímaneta til að gera rekstraraðilum sýndarfarsímaneta og endurseljendum kleift að kaupa heildsölureikiþjónustu sem reglurnar eru settar um frá heildsölusöfnum sem bjóða upp á einn aðgangsstað og staðlaðan vettvang fyrir reikisamninga í öllu Sambandinu. Til að tryggja að rekstraraðilar veiti veitendum reikiþjónustu aðgang að allri aðstöðu sem nauðsynleg er fyrir beinan heildsöluaðgang að reiki og heildsöluaðgang að reiki til endursölu innan hæfilegs tíma skal birta viðmiðunartilboð sem inniheldur staðal-skilyrði fyrir beinum heildsöluaðgangi að reikiþjónustu og heildsöluaðgangi að reikiþjónustu til endursölu. Birting viðmiðunartilboðs skal ekki koma í veg fyrir viðskiptaviðræður á milli umsækjanda um aðgang og veitanda aðgangs um verð á endanlegum heildsölu-samningi eða viðbættri aðgangsjónustu í heildsölu sem gengur lengra en nauðsynlegt er fyrir beinan heildsöluaðgang að reiki og heildsöluaðgang að reiki til endursölu.
- 28) Skyldur um heildsöluaðgang að reiki skulu ná yfir aðgang að öllum þáttum sem nauðsynlegir eru svo unnt sé að veita reikiþjónustu, svo sem: neteiningum og tengdri aðstöðu, viðkomandi hugbúnaðarkerfum, þ.m.t. rekstrarstuðningskerfi, upplýsingakerfi eða gagnagrunnar fyrir forpantanir, afhendingar, pantanir, beiðnir um viðhald og viðgerðir og reikningagerð, eða kerfi sem bjóða jafngilda virkni, farsímanet og sýndarfarsímanet.
- 29) Ef umsækjendur um heildsöluaðgang að reiki í endursölu óska eftir aðgangi að aðstöðu eða þjónustu umfram það sem nauðsynlegt er til að veita reikiþjónustu í smásölu, mega rekstraraðilar farsímaneta innheimta sanngjörn gjöld fyrir þessa aðstöðu eða þjónustu. Þessi umframaðstaða eða -þjónusta getur meðal annars verið virðisaukandi þjónusta, viðbótar-hugbúnaður og upplýsingakerfi eða fyrirkomulag við reikningagerð.

- 30) Farsímafjarskiptaþjónusta er seld í pökkum sem innihalda bæði landsbundna þjónustu og reikiþjónustu sem takmarkar val viðskiptavina á reikiþjónustu. Slíkir pakkar draga úr gagnsæi varðandi reikiþjónustu þar sem erfitt er að bera saman einstök atriði í pökkunum. Af þessum sökum er samkeppni á milli rekstraraðila á grundvelli reikiþáttarins í farsímapakkanum enn ekki sýnileg. Með því að auðvelda aðgengi að reiki sem sjálfstæðri þjónustu væri tekið á formgerðarvanda með því að auka vitund neytenda um verð á reikiþjónustu, veita neytendum skýrt val varðandi reikiþjónustu og auka þannig þrýsting af völdum samkeppni á eftirspurnarhliðinni. Þannig stuðlar þetta að snurðulausri starfsemi innri markaðarins fyrir reikiþjónustu.
- 31) Eftirspurn neytenda og fyrirtækja eftir gagnþjónustu í farsímum hefur aukist umtalsvert á undanförmum árum. Vegna hárra reikigjalda, er notkun þessarar þjónustu hins vegar verulega takmörkuð hjá neytendum og fyrirtækjum sem stunda rekstur yfir landamæri í Sambandinu. Í ljósi þess að markaðurinn er enn á frumstigi og ört vaxandi eftirspurnar neytenda eftir reikigagnaþjónustu, gætu reglur um smásölugjald aðeins haldið verði við fyrirhugað hámarksgjald, eins og reynslan af reglugerð 717/2007/EB sýnir, í stað þess að þrýsta því enn neðar, sem staðfestir þörfina á frekari skipulagsráðstöfunum.
- 32) Viðskiptavinir skulu geta flutt sig auðveldlega, á stysta mögulega tíma með hliðsjón af tæknilegum lausnum, án viðurlaga og endurgjaldslaust, yfir til annars veitanda reikiþjónustu eða á milli annarra veitanda reikiþjónustu. Viðskiptavinir skulu upplýstir með skýrum, skiljanlegum og aðgengilegum hætti um þennan möguleika.
- 33) Neytendur skulu hafa rétt á því, á neytendavænan hátt, að velja um að sala á reikiþjónustu sé aðskilin frá landsbundnum farsímapakka. Eins og sakir standa eru nokkrar leiðir að tæknilegri innleiðingu á aðskilinni sölu á reikiþjónustu, þ.m.t. tvöfalt auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda (IMSI) (tvöfalt auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda á einu SIM-korti), stakt auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda (eitt auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda samnýtt á milli veitanda landsbundinnar þjónustu og reikiþjónustu), og samsetning á tvöföldu og stöku auðkenni alþjóðlegs farsímanotanda ásamt tæknilegri skipan sem hindrar ekki viðskiptavinum í því að fá aðgang að reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, og veitt er beint á heimsóttu neti, með samkomulagi á milli rekstraraðila heimanets og heimsóttá netsins.
- 34) Há verðlagning á reikigagnaþjónustu fælir viðskiptavinum frá því að nota gagnþjónustu í farsímum þegar þeir ferðast um Sambandið. Í ljósi vaxandi eftirspurnar og mikilvægis reikigagnaþjónustu skulu ekki vera nein ar hindranir fyrir vali um reikigagnaþjónustu sem veitt er beint á heimsóttu neti, tímabundið eða varanlega, óháð samningum eða samkomulagi á reiki við veitanda landsbundinnar þjónustu. sem þegar er til staðar, og án þess að þeir leggi á viðbótargjald. Ef óskað er eftir því, í því skyni að veita reikigagnaþjónustu sem veitt er beint í heimsóttu neti, skulu veitendur landsbundinnar þjónustu og veitendur reikigagnaþjónustu starfa saman í því skyni að hindra ekki viðskiptavinum í því að fá aðgang að og nota þessa þjónustu og tryggja samfelldni annarrar reikiþjónustu.
- 35) Þó ekki skuli mæla fyrir um tiltekna tæknilega skipan í þessari reglugerð að því er varðar aðskilda sölu á reikiþjónustu, heldur greiða leiðina fyrir skilvirkustu og árangursríkustu lausnina, þ.m.t. samsett lausn, sem þróuð verður af framkvæmdastjórninni á grundvelli framlaga frá evrópskum hópi eftirlitsaðila á sviði rafræna fjarskipta, skal mæla fyrir um viðmiðanir með tilliti til tæknilegra eiginleika sem tæknilega lausnin þarf að uppfylla fyrir aðskilda sölu á reikiþjónustu. Þessar viðmiðanir skulu m.a. fela í sér að lausnin sé innleidd með samræmdum og samhæfðum hætti í Sambandinu og tryggja að neytendur geti fljótt og auðveldlega valið annan veitanda reikiþjónustu án þess að skipta um númer. Enn fremur skal ekki hindra reiki utan Sambandsins eða hjá viðskiptavinum frá þriðju löndum innan Sambandsins.
- 36) Koma skal á aukinni samvinnu og samræmingu á milli rekstraraðila farsímaneta til að gera tæknilega kleift að ná fram samræmdri og traustri tæknilegri þróun á veitingu aðskilinnar reikiþjónustu og hindra ekki aðgang að reikigagnaþjónustu sem veitt er beint á heimsóttu neti. Því skal útfæra viðkomandi grundvallarreglur og aðferðafræði til þess að unnt sé að aðlagast skjótt breyttum aðstæðum og tækniframförum. Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafræna fjarskipta, í samstarfi við viðkomandi hagsmunaaðila, skal aðstoða framkvæmdastjórnina við að þróa tæknilega þætti til að gera aðskilda sölu á reikiþjónustu mögulega og að aðgangur að reikigagnaþjónustu sem veittur er beint í heimsóttu neti sé ekki hindraður. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin veita evrópsku staðlastofnuninni umboð til að breyta viðkomandi stöðlum sem eru nauðsynlegir fyrir samræmda innleiðingu á aðskilinni sölu á smásölureikiþjónustu sem reglurnar eru settar um.
- 37) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd ákvæðanna í þessari reglugerð, skal fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald að því er varðar ítarlegar reglur um upplýsingaskyldu innlendra veitanda og um tæknilega lausn fyrir aðskilda sölu á reikiþjónustu. Þessum völdum skal beitt í samræmi við reglugerð

Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með beitingu framkvæmdastjórnarinnar á framkvæmdarvaldi ⁽¹⁾.

38) Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta skal hafa heimild, með tilliti til þessarar reglugerðar og framkvæmdargerða framkvæmdastjórnarinnar, til að veita að eigin frumkvæði sértæka tæknilega leiðsögn um aðskilda sölu á reikiþjónustu í smásölu sem reglurnar eru settar um eða önnur mál sem falla undir þessa reglugerð.

39) Til að aðskilin sala á smásölureikiþjónustu sem reglurnar eru settar um nái fullri skilvirkni, er talið nauðsynlegt að sameina slíka sölu skyldunni um heildsöluáðgang að veitingu reikiþjónustu til að auðvelda markaðsaðgang nýrra aðila eða aðila sem fyrir eru, þ.m.t. veitendur reikiþjónustu yfir landamæri. Með þeirri lausn er komist hjá röskun á milli aðildarríkja með því að tryggja samræmda aðferð sem felur í sér reglusetningu og þannig er stuðlað að þróun innri markaðarins. Það að koma aðskilinni sölu á smásölu-reikiþjónustu sem reglurnar eru settar um í framkvæmd krefst þess hins vegar að rekstraraðilar fái hæfilegan frest til tæknilegrar aðlögunar, og því munu skipulagsráðstafanir aðeins leiða til raunverulegs innri markaðar með fullnægjandi samkeppni eftir tiltekinn tíma. Af þessum sökum skal hámarksheildsölugjaldi fyrir talsíma-, smáskilaboða- og gagnþjónustu í reiki ásamt öryggismörkum á þessari þjónustu á smásölustigi viðhaldið tímabundið á viðeigandi stigi til að tryggja að núverandi ávinningur neytenda sé varinn á umbreytingartímabili fyrir framkvæmd á þessum skipulagsráðstöfunum.

40) Að því er varðar framhald á tímabundinni verðstýringu, skal leggja lögboðnar skyldur bæði á smásölu og heildsölu til að verja hagsmuni reikiviðskiptavina en reynslan hefur sýnt að lækkunar á heildsöluverði fyrir reikiþjónustu innan Sambandsins skila sér ekki í lægra smásöluverði á reikiþjónustu þar sem ekki er hvatt til þess að svo verði. Á hinn bóginn gætu aðgerðir til að lækka smásöluverð, án þess að tillit sé tekið til heildsöluverðnaðar í tengslum við veitingu þessarar þjónustu, orðið til þess að raska skipulegri starfsemi innri markaðarins með reikiþjónustu og myndu ekki leiða til aukinnar samkeppni.

41) Þar til skipulagsráðstafanir hafa fært fullnægjandi samkeppni á innri markaðinn með reikiþjónustu sem myndi leiða til lækkunar á heildsöluverði sem síðan myndi skila sér til neytenda, er skilvirkasta og hóflegasta aðferðin til að stýra verði á því að hringja og

svara reikisímtölum innan Sambandsins að ákvarða hámarksmeðalminútugjald í heildsölu í Sambandinu og takmarka gjöld í smásölu með Evrópugjaldskrá sem tekin var upp með reglugerð (EB) nr. 717/2007 sem var rýmkuð með Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 544/2009 ⁽²⁾ og sem skal rýmka með Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Meðalheildsölugjald skal gilda milli hvaða tveggja rekstraraðila sem er innan Sambandsins á tilteknu tímabili.

42) Tímabundnar Evrópugjaldskrár fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga skulu vera við öryggismörk sem, um leið og ábyrgst er að ávinningur neytenda haldist ekki aðeins heldur aukist jafnvel á umbreytingartímabili fyrir framkvæmd skipulagsráðstafana, tryggja veitendur reikiþjónustu fullnægjandi framlegð og hvetja til samkeppnishæfra reikitolboða á lægra verði. Á tímabilinu sem um er að ræða skulu veitendur reikiþjónustu vekja athygli neytenda á upplýsingum um Evrópugjaldskrármar og bjóða þær öllum viðskiptavinum reikiþjónustu án endurgjalds og með skýrum og gagnsæjum hætti.

43) Tímabundnar Evrópugjaldskrár fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga, sem reikiviðskiptavinum standa til boða, skulu endurspeglar eðlilega álagningu miðað við heildsöluverðnaðinn við að veita reikiþjónustu samfara því að veita veitendum reikiþjónustu frelsi til samkeppni með því að greina á milli tilboða þeirra og aðlaga verðlagningu þeirra að markaðsaðstæðum og vali neytenda. Þessi öryggismörk skulu sett þannig að þau raski ekki samkeppnislegum ávinningi af skipulagsráðstöfunum og hægt sé að fjarlægja þau þegar skipulagsráðstafanir hafa náð að skila viðskiptavinum raunverulegum ávinningi. Þessi aðferð sem felur í sér reglusetningu skal ekki gilda um þann hluta gjaldskrárinnar sem er gjaldfærður fyrir veitingu virðisaukandi þjónustu heldur einungis um gjaldskrá fyrir tengingu við slíka þjónustu.

44) Þessi aðferð sem felur í sér reglusetningu skal vera einföld í framkvæmd og eftirliti til að halda stjórnsýslubyrði í lágmarki, bæði að því er varðar þá rekstraraðila og veitendur reikiþjónustu sem verða fyrir áhrifum vegna krafna í tengslum við hana og landsbundin stjórnvöld sem falið er eftirlit og framkvæmd hennar. Hún skal einnig vera gagnsæ og auðskiljanleg öllum

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 frá 18. júní 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 717/2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og tilskipun 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (Stjóð. ESB L 167, 29.6.2009, bls. 12)

viðskiptavinum sem nýta sér farsímaþjónustu innan Sambandsins. Enn fremur skal hún vera áreiðanleg og fyrirsjáanleg gagnvart rekstraraðilum, sem veita heild- og smásöluþjónustu á reiki. Í þessari reglugerð skal því tilgreina fjárhæð hámarksminútagjalds fyrir heild- og smásölu.

- 45) Hæsta meðalminútagjald í heildsölu, sem tilgreint er þannig, skal miðað við mismunandi þætti sem felast í að hringja reikisímtal innan Sambandsins, einkum upphafsgjald og gjald fyrir lúkningu símtala á farsímanetum, þ.m.t. fastakostnaður og kostnaður við merkjasetningar og umflutning. Hentugasta viðmiðunin fyrir upphafsgjald símtala og lúkningu þeirra er meðallúkningarverð fyrir rekstraraðila farsímaneta innan Sambandsins sem byggist á upplýsingum sem landsbundin stjórnvöld veita og framkvæmdastjórnin birtir. Hæsta meðalminútagjald, sem sett er með þessari reglugerð, skal því ákvarðað að teknu tilliti til meðalverðs fyrir lúkningu símtala í farsíma sem er viðmiðun fyrir kostnaðinn sem í þeim felst. Hæsta meðalminútagjald í heildsölu skal lækka árlega til að taka tillit til lækkunar á lúkningarverði símtala í farsíma sem landsbundin stjórnvöld leggja á hverju sinni.
- 46) Með tímabundnu Evrópugjaldskránni fyrir talsíma sem gildir fyrir smásölu er viðskiptavinum reikiþjónustu veitt trygging fyrir því að þeir þurfi ekki að borga óhöflegt verð þegar þeir hringja eða taka á móti reikisímtali sem reglurnar eru settar um en veitendum reikiþjónustu þó gefið nægilegt svigrúm til að greina milli varanna sem þeir bjóða viðskiptavinum sínum.
- 47) Á umbreytingartímabili öryggismarkanna skulu allir neytendur upplýstir um og eiga möguleika á að velja, án viðbótargjalds eða skilyrða, einfalt reikigjald sem er ekki hærra en hámarksgjaldið. Sanngjarn munur á heildsöluverðum og smásöluverðum skal tryggja að veitendur reikiþjónustu standi straum af öllum tilteknum reikikostnaði sínum í smásölu, þ.m.t. viðeigandi hluti markaðskostnaðar og niðurgreiðsla simtækja, og haldi eftir viðunandi afgangi til að skila sanngjörnum arði. Tímabundin Evrópugjaldskrá fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga er viðeigandi leið til að vernda neytendur og veita veitendum reikiþjónustu sveigjanleika. Hámarksverð Evrópugjaldskrárinnar fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga skal lækka árlega í takt við heildsöluverð.
- 48) Á umbreytingartímabili öryggismarkanna skulu nýir viðskiptavinir reikiþjónustu upplýstir að fullu með skýrum og skiljanlegum hætti um svið gjaldskráa sem til eru fyrir reiki innan Sambandsins, þ.m.t. gjaldskrár sem eru í samræmi við tímabundna Evrópugjaldskrá fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga. Innan tiltekna tímaramma skal þeim viðskiptavinum, sem þegar nota reikiþjónustu, gefinn kostur á að velja nýja gjaldskrá sem er í samræmi við tímabundna Evrópugjaldskrána fyrir talsíma, smáskilaboð eða gagnaflutninga eða aðra reikigjaldskrá. Ef viðskiptavinir, sem þegar nota reikiþjónustu, hafa ekki ákveðið val sitt innan þessa tímaramma er rétt að gera greinarmun á þeim sem höfðu þegar valið tiltekna reikigjaldskrá- eða pakka, áður en þessi reglugerð tók gildi, og þeim sem ekki höfðu ákveðið sig. Þeim síðarnefndu skal sjálfkrafa veitt gjaldskrá sem er í samræmi við þessa reglugerð. Reikiviðskiptavinir, sem þegar njóta góðs af sérstakri reikigjaldskrá eða –pökkum sem henta einstaklingsbundnum kröfum þeirra og þeir hafa valið út frá þeim, skulu halda þeirri gjaldskrá eða pakka, sem þeir höfðu áður valið, ef þeir tilkynna veitanda reikiþjónustu að þeir vilji vera áfram með þá gjaldskrá eftir að þeir hafa verið minntir á gildandi gjaldskrárskilyrði og á viðkomandi Evrópugjaldskrá. Meðal slíkra tiltekinna reikigjaldskráa eða –pakka geta t.d. verið föst reikigjöld, óopinber gjaldskrá, gjaldskrá með föstum viðbótarreikigjöldum, gjaldskrár með minútagjöldum sem eru lægri en hæsta verð í Evrópugjaldskránni fyrir talsíma, smáskilaboð eða gagnaflutninga eða gjaldskrár með uppsetningargjöldum (set-up charges).
- 49) Þar sem þessi reglugerð skal teljast sértæk ráðstöfun í skilningi 5. mgr. 1. gr. rammatilskipunarinnar og þar sem þess kann að vera krafist í þessari reglugerð að þeir sem veita reikiþjónustu í Sambandinu breyti smásölu reikigjaldskránni sínum, í því skyni að uppfylla kröfur sem gerðar eru í þessari reglugerð, skulu slíkar breytningar ekki veita viðskiptavinum sem nýta sér farsímaþjónustu neinn rétt, samkvæmt landslögum sem lögleiða regluramman um rafræn fjarskipti frá 2002, til að segja upp samningum sínum.
- 50) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á ný tilboð til neytenda sem eru hagstæðari en tímabundna Evrópugjaldskráin fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga eins og hún er skilgreind í þessari reglugerð, heldur skal hún hvetja til nýrra tilboða til viðskiptavina reikiþjónustu með lægri gjöldum, einkum sem svar við auknum þrýstingi af völdum samkeppni sem skapast af kerfislægum ákvæðum þessarar reglugerðar. Í þessari reglugerð er þess hvorki krafist að reikigjöld skuli innleidd að nýju þar sem þau hafa verið afnumin að fullu né heldur að þau reikigjöld sem fyrir eru séu hækkuð að þeim tímabundnu öryggismörkum sem sett eru í þessari reglugerð.

- 51) Þar sem hámarks gjald er ekki tilgreint í evrum skulu viðeigandi upphafleg mörk og endurskoðuð gildi þessara marka tilgreind í viðeigandi gjaldmiðli með því að nota viðmiðunargengið sem birt er í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, á þeim degi sem tilgreindur er í þessari reglugerð. Ef ekkert hefur verið birt á tilgreindum dögum skulu viðeigandi viðmiðunargengi vera þau sem birtust í fyrstu Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eftir þann dag þar sem slíkt viðmiðunargengi kemur fram. Til að verja neytendur fyrir hækkandi smásöluverði á reikijónustu sem reglur eru settar um (reikijónusta fyrir talsíma, smáskilaboð eða gagnaflutninga sem reglur eru settar um) vegna sveiflna á viðmiðunargengi annarra gjaldmiðla en evru, skal aðildarríki sem er ekki með evru nota meðaltal viðmiðunargengis nokkurra gjaldmiðla á vissu tímabili til að ákvarða smásöluverðsþak í eigin gjaldmiðli.
- 52) Sá háttur sumra rekstraraðila farsímaneta að gera reikninga fyrir veitingu reikisímtala í heildsölu á grundvelli lágmarksgjaldtökutíma, sem nemur allt að 60 sekúndum, andstætt þeirri venju að rukka á sekúndu, eins og tíðkast um önnur samtengingargjöld í heildsölu, raskar samkeppni milli þessara rekstraraðila og þeirra sem nota aðrar aðferðir við reikningagerð og grefur undan samræmdri beitingu hámarksheildsölugjaldanna sem tekin eru upp með þessari reglugerð. Þar að auki felur þetta í sér viðbótargjald, sem eykur heildsölu-kostnað og hefur þannig neikvæð áhrif á verðlagningu reikitalímaþjónustu á smásölustigi. Því skal þess krafist að rekstraraðilar farsímakerfa geri reikninga fyrir símtöl, sem reglurnar eru settar um og eru veitt í heildsölu, á sekúndugrundvelli.
- 53) Evrópskur hópur eftirlitsaðila, fyrirrennari evrópsk hóps eftirlitsaðila með fjarskiptum, áætla að sá háttur rekstraraðila farsímaneta að nota lengra en einnar sekúndu gjaldtímabil, þegar gerðir eru reikningar fyrir reikijónustu á smásölustigi, hafi bætt 24 % við dæmigerðan reikning samkvæmt Evrópugjaldskrá fyrir talsíma fyrir símtöl þar sem hringt er og 19 % fyrir símtöl sem tekið er á móti. Hann lýsti því einnig yfir að þessar hækkningar séu dulin gjöld þar sem flestir neytendur geri sér ekki grein fyrir þeim. Af þeirri ástæðu mælti evrópskur hópur eftirlitsaðila með að gripið yrði til brynna aðgerða til að bregðast við ólíkum aðferðum við reikningagerð á smásölustigi miðað við Evrópugjaldskrá fyrir talsíma.
- 54) Með reglugerð (EB) nr. 717/2007, sem kvað á um Evrópugjaldskrá innan Bandalagsins, voru settar kröfur um sameiginlega nálgun til að tryggja að reikivíðskiptavinir verði ekki látnir greiða óhóflega fyrir reikisímtöl, sem reglurnar eru settar um, en ólíkar aðferðir við einingaskiptingu í reikningagerð rekstraraðila farsímaneta draga mjög úr áhrifum af samræmdri beitingu hennar. Þetta þýðir einnig að þrátt fyrir að reikijónusta innan Sambandsins sé í eðli sínu veitt yfir landamæri tíðkast ólíkar aðferðir við reikningagerð fyrir reikisímtöl, sem reglurnar eru settar um, sem raska samkeppnisstöðu á innri markaðnum.
- 55) Því ber að taka upp sameiginlegt reglusafn varðandi einingaskiptingu reikninga samkvæmt Evrópugjaldskrá fyrir talsíma á smásölustigi til að efla frekar innri markaðinn og veita neytendum reikijónustu innan Sambandsins sömu víðtæku neytendaverndina í öllu Sambandinu.
- 56) Því er þess krafist af veitendum reikijónustu á smásölustigi, sem reglurnar eru settar um, að þeir geri reikninga fyrir víðskiptavinum sína á sekúndugrundvelli fyrir öll símtöl sem heyra undir Evrópugjaldskrá fyrir talsíma, sbr. þó möguleikann á því að leggja á upphafsgjald með lágmarkstíma, sem þó skal ekki vera lengri en 30 sekúndur fyrir símtöl sem hringd eru. Með þessu móti geta veitendur reikijónustu staðið straum af eðlilegum uppsetningarkostnaði og stuðlað að sveigjanleika í samkeppni með því að bjóða upp á styttri lágmarksgjaldtökutíma. Engin rök eru fyrir lágmarksgjaldtökutíma í tilviki símtala sem tekið er á móti samkvæmt Evrópugjaldskrá fyrir talsíma, þar sem undirliggjandi heildsölu-kostnaður er skuldfærður á sekúndugrundvelli og allur sérstakur uppsetningar-kostnaður fellur undir lúkningsverð símtala í farsíma.
- 57) Víðskiptavinir eiga ekki að þurfa að greiða fyrir að taka á móti talhólfsskilaboðum í heimsóttá netinu, vegna þess að þeir geta ekki ráðið lengd slíkra skilaboða. Þetta ætti að vera með fyrirvara um önnur gjöld fyrir talhólfsskilaboð sem kunna að eiga við, t.d. gjöld fyrir að hlusta á slík skilaboð.
- 58) Víðskiptavinir á landamærasvæðum skulu ekki fá óþarflega háa reikninga vegna reikis fyrir slysi. Veitendur reikijónustu skulu því gera allar þær ráðstafanir sem raunhæfar teljast til að verja víðskiptavinum fyrir því að reikigjald falli á þá þegar þeir eru staddir í sínu aðildarríki. Þær skulu fela í sér fullnægjandi ráðstafanir á sviði upplýsingar til þess að gera víðskiptavinum kleift að forðast reiki fyrir slysi með virkum hætti. Landsbundin stjórnvöld skulu vera á varðbergi gagnvart aðstæðum þar sem víðskiptavinir lenda í vandræðum með að greiða reikigjöld þegar þeir eru staddir í sínu aðildarríki og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr vandanum.
- 59) Að því er varðar reikijónustu fyrir smáskilaboð, rétt eins og í tilviki reikitalímaþjónustu er umtalsverð hætta á að skylda, að því er varðar verðlagningu eina og sér, myndi ekki skila sér í lægra verði til þeirra sem kaupa í smásölu. Á hinn bóginn gætu aðgerðir til að lækka smásöluverð, án þess að tillit sé tekið til heildsölu-kostnaðar í tengslum við að veita þessa þjónustu, haft áhrif á stöðu einhverra veitenda reikijónustu, einkum smærri veitenda reikijónustu, með því að auka líkurnar á verðþvingunum.

- 60) Regluramminn frá 2002 fyrir rafræn fjarskipti veitir ennfremur stjórnvöldum í hverju ríki fyrir sig ekki nógu góð úrræði til að ráð bót á vandamálum á sviði samkeppni sem liggja að baki háum heilðsölu- og smásölugjöldum í reikiþjónustu fyrir smáskilaboð sem reglurnar eru settar um þar sem markaðurinn fyrir reikiþjónustu hefur sérstaka uppbyggingu og liggur í eðli sínu yfir landamæri. Þetta þýðir að snurðulaus starfsemi innri markaðarins er ekki tryggð og því ber að bæta úr því.
- 61) Eftirlitsskyldur skulu lagðar á, á heilðsölustigi, fyrir reikiþjónustu smáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, til þess að eðlilegri tengsl myndist milli heilðsölugjalda og undirliggjandi kostnaðar af veitingu þjónustunnar, og á smásölustigi á umbreytingartímabili til að verja hagsmunum reikivíðskiptavina þar til skipulagsráðstafanir taka gildi.
- 62) Þar til skipulagsráðstöfun hefur komið á fullnægjandi samkeppni á markaði fyrir reikiþjónustu, er skilvirkasta nálgunin og sú sem á best við í hlutfallslegu tilliti til að stýra verði fyrir reikismáskilaboðþjónustu sem reglurnar eru settar um á heilðsölustigi, að ákvarða innan Sambandsins hámarksmeðalgjald fyrir smáskilaboð sem send eru frá heimsóttu neti. Meðalheilðsölugjald skal gilda milli hvaða tveggja rekstraraðila sem er innan Sambandsins á tilteknu tímabili.
- 63) Hámarksheilðsölugjald fyrir reikismáskilaboðþjónustu, sem reglurnar eru settar um, skulu fela í sér allan kostnað sem veitandi heilðsöluþjónustunnar stofnar til, að meðtöldum m.a. upphafs-, umflutnings- og óinnheimtum lúkningarkostnaði af reikismáskilaboðum á heimsóttu netinu. Því ber að banna veitendum reikiþjónustu fyrir smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, að leggja á sérstakt gjald fyrir lúkningu reikismáskilaboða í neti þeirra til að tryggja að farið sé á samræmdan hátt eftir reglunum sem settar eru með þessari reglugerð.
- 64) Til að tryggja að hámarksgjald á reikiþjónustu fyrir smáskilaboð í heilðsölu, sem reglurnar eru settar um, sé nær því að endurspegla undirliggjandi kostnað við veitingu og að samkeppni geti þróast á smásölustigi, skulu hámarksgjöld í heilðsölu fyrir smáskilaboð sem reglurnar eru settar um fylgja síðari lækkunum.
- 65) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 544/2009 var litið svo á að, ef kerfislægir þættir væru ekki til staðar til að koma á samkeppni á markaði fyrir reikiþjónustu, væri skilvirkasta nálgunin og sú sem á best við í hlutfallslegu tilliti til að stýra verði fyrir reikismáskilaboð innan Sambandsins á smásölustigi, sú að gera þá kröfu til rekstraraðila farsímaneta að þeir bjóði reikivíðskiptavinum sínum að senda smáskilaboð samkvæmt Evrópugjaldskrá, en hæstu gjöld í henni mega ekki fara yfir ákveðið hámarksgjald.
- 66) Þar til skipulagsráðstafanir taka gildi, skal tímabundinni Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð haldið við öryggismörk sem, ásamt því að tryggja að ávinningur neytenda sé varinn, tryggir veitendum reikiþjónustu fullnægjandi framlegð ásamt því að endurspegla með réttu undirliggjandi kostnað við veitingu.
- 67) Tímabundin Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð, sem bjóða má reikivíðskiptavinum skal því endurspegla eðlilega álagningu, miðað við kostnaðinn við að veita reikiþjónustu fyrir smáskilaboð sem reglurnar eru settar um, samfara því að veita veitendum reikiþjónustu frelsi til samkeppni með því að greina á milli tilboða þeirra og aðlaga verðlagningu þeirra að markaðsaðstæðum og vali neytenda. Þessi öryggismörk skulu sett þannig að þau raski ekki samkeppnislegum ávinningi af skipulagsráðstöfunum og að hægt sé að fjarlægja þau þegar skipulagsráðstafanir taka gildi. Þessi reglusetningar-nálgun skal ekki gilda um virðisaukandi smáskilaboðþjónustu.
- 68) Reikivíðskiptavinir eiga ekki að þurfa að greiða viðbótargjald fyrir að taka á móti reikismáskilaboðum eða talhólfsskilaboðum, sem reglurnar eru settar um, meðan þeir eru á reiki í heimsóttu neti, þar sem smásölugjaldið, sem þegar er lagt á send smáskilaboð og talhólfsskilaboð í reikiþjónustu kemur í stað slíks lúkningarkostnaðar.
- 69) Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð skal gilda sjálfkrafa fyrir alla reikivíðskiptavini, bæði nýja reikivíðskiptavini eða þá sem fyrir eru, sem ekki hafa valið eða velja ekki sérstakt reikigjald fyrir smáskilaboð eða reikiþjónustupakka sem inniheldur reikiþjónustu fyrir smáskilaboð sem reglurnar eru settar um.
- 70) Smáskilaboð eru stuttskilaboð á textaformi og greinilega frábrugðin öðrum skilaboðum á borð við myndskilaboð eða tölvupóst. Til að tryggja að reglugerðin missi ekki áhrifamátt sinn og öllum markmiðum hennar verði að fullu náð skal banna hvers konar breytingar á tæknilegum færíbreytum reikismáskilaboða sem myndu gera þau frábrugðin smáskilaboðum innanlands.
- 71) Gögn sem landsbundin stjórnvöld hafa aflað gefa til kynna að verð á meðalheilðsölugjöldum fyrir reikigagnaþjónustu sem rekstraraðilar heimsótttra neta leggja á reikiþjónustuveitendur viðskiptavina reikiþjónustu sé enn hátt. Jafnvel þó að heilðsölugjöld virðast fara lakkandi er þau enn mjög há í tengslum við undirliggjandi kostnað.
- 72) Heilðsölugjöld á reikigagnaþjónustu eru enn há, einkum þar sem rekstraraðilar annarra farsímaneta en þeirra sem viðskiptavinir kjósa almennt að skipta við leggja á há gjöld í heilðsölu. Slík gjöld eru til komin vegna takmarkana á umferðarstýringu sem gera það að verkum að rekstraraðilar hafa engan hvata til að lækka fast heilðsöluverð sitt einhliða, þar sem þeir munu fá umferð óháð verðinu sem sett er upp. Útkoman er að heilðsöluverður verður mjög misjafn. Í sumum tilvikum er heilðsölugjald fyrir reikigagnaþjónustu sex sinnum herra í farsímanetum öðrum en þeim sem viðskiptavinurinn kys almennt að skipta við en í netinu sem hann notar helst. Þessi óhóflega háu heilðsölugjöld

- fyrir reikigagnaþjónustu leiða til umtalsverðrar röskunar á samkeppnisstöðu milli rekstraraðila farsímaneta innan Sambandsins, sem grefur undan snurðulausri starfsemi innri markaðarins. Þau gera veitendum reikiþjónustu einnig erfitt um vik að spá fyrir um heildsölukostnað sinn og þar með að veita viðskiptavinum sínum gagnsæja og samkeppnishæfa smásöluverðþakka. Með hliðsjón af takmarkaðri getu stjórnvalda í hverju ríki fyrir sig til að ráða bót á þessum vandamálum með skilvirkum hætti og á landsvísi skulu hámarksgjöld á reikigagnaþjónustu í heildsölu gilda. Eftirlitsskyldur skulu lagðar á, á heildsölustigi, fyrir reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, til þess að eðlilegri tengsl myndist milli heildsölugjalda og undirliggjandi kostnaðar af veitingu þjónustunnar, og á smásölustigi til að verja hagsmuni reikiviðskiptavina.
- 73) Veitendur reikiþjónustu skulu ekki láta reikiviðskiptavinum greiða fyrir neina reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, nema og þar til reikiviðskiptavinurinn samþykkir að þjónustan sé veitt.
- 74) Gildissvið þessarar reglugerðar skal ná yfir veitingu reikigagnaþjónustu í smásölu í Sambandinu. Þau sérstöku einkenni á mörkuðum fyrir reikiþjónustu sem réttlættu samþykkt reglugerðar (EB) nr. 717/2007 og þær skyldur sem lagðar eru á rekstraraðila farsímaneta, í tengslum við veitingu reikiþjónustu fyrir talsíma og smáskilaboð innan Sambandsins, eiga einnig við um veitingu reikigagnaþjónustu innan Sambandsins. Líkt og reikiþjónusta fyrir talsíma- og smáskilaboð er reikigagnaþjónusta ekki keypt sérstaklega á landsvísi heldur er hún einungis hluti af stærri smásölupakka sem viðskiptavinir kaupa hjá veitanda reikiþjónustu, en þar með eru samkeppnisöflum settar skorður. Á sama hátt geta stjórnvöld í hverju ríki fyrir sig, sem bera ábyrgð á að standa vörð um og stuðla að hagsmunum viðskiptavina sem nýta sér farsímaþjónustu og sem eru búsettir á yfirráðasvæði þeirra, ekki stjórnað hegðun rekstraraðila netanna sem heimsótt eru og staðsett eru í öðrum aðildarríkjum vegna þess að þjónustan, sem um ræðir, er í eðli sínu yfir landamæri.
- 75) Á sama hátt og í stjórnvaldsráðstöfunum sem þegar eru til fyrir talsíma- og smáskilaboðþjónustu, þar til skipulagsráðstöfun kemur á fullnægjandi samkeppni, er skilvirkasta nálgunin og sú sem á best við í hlutfallslegu tilliti til að stýra verði fyrir reikigagnaþjónustu innan Sambandsins í smásölu á umbreytingartímabili, sú að gera þá kröfu til veitenda reikiþjónustu að þeir bjóði reikiviðskiptavinum sínum tímabundna Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga, en hæstu gjöld í henni mega ekki fara yfir ákveðin hámarksgjöld. Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð skal haldið við öryggismörk sem, ásamt því að tryggja neytendavernd þar til skipulagsráðstöfun tekur gildi, tryggir veitendum reikiþjónustu nægilegt svigrúm til álagningar auk þess að endurspegla undirliggjandi kostnað við veitingu á trúverðugri hátt.
- 76) Tímabundna Evrópugjaldskráin fyrir gagnaflutninga, sem bjóða má reikiviðskiptavinum skal því endurspegla eðlilega álagningu, miðað við kostnaðinn við að veita reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um, samfara því að veita veitendum reikiþjónustu frelsi til samkeppni með því að greina á milli tilboða þeirra og aðlaga verðlagningu þeirra að markaðsaðstæðum og vali neytenda. Þessi öryggismörk skulu sett þannig að þau raski ekki samkeppnislegum ávinningi af skipulagsráðstöfunum og að hægt sé að fjarlægja þau þegar skipulagsráðstafanir hafa náð að skila neytendum raunverulegum og varanlegum ávinningi. Á sama hátt og í nálguninni sem fylgt er fyrir reikiþjónustu fyrir talsíma og smáskilaboð, að gefnum fyrirsjáanlegum lækkunum á undirliggjandi kostnaði við að veita reikigagnaþjónustu í smásölu, skal hámarksgjald sem reglurnar eru settar um fyrir tímabundna Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga fylgja lækkandi ferli.
- 77) Tímabundin Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga skal gilda sjálfkrafa fyrir alla reikiviðskiptavinum, bæði nýja reikiviðskiptavinum eða þá sem fyrir eru, sem ekki hafa valið eða velja ekki sérstakt reikigjald fyrir gagnaflutninga eða reikiþjónustupakka sem inniheldur reiki-gagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um.
- 78) Til að tryggja að neytendur greiði fyrir þá gagnaþjónustu sem þeir nota í raun og til að komast hjá vandamálum sem komu í ljós við talsímaþjónustu eftir innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 717/2007/EB vegna dulinna gjalda á neytendum vegna gjaldtökukerfa sem rekstraraðilar nota, skal reikningsfæra tímabundna Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga fyrir hvert kílóbæti. Slík gjaldtaka er í samræmi við gjaldtökukerfi sem þegar eiga við í heildsölu.
- 79) Veitendum reikiþjónustu er heimilt að bjóða fast heildarmánaðargjald sem tekur til eðlilegrar notkunar þar sem ekki er um að ræða nein hámarksgjöld og sem gæti náð yfir alla reikiþjónustu innan Sambandsins.
- 80) Til að tryggja að allir notendur farsíma geti notið góðs af ákvæðum þessarar reglugerðar skulu kröfurnar um tímabundna smásöluverðlagningu gilda hvort sem reiki-viðskiptavinir eru með fyrirfram- eða eftirágreiðslu-samning við reikiþjónustuveitanda sinn og hvort sem reikiþjónustuveitandinn er með eigið net, rekur sýndar-farsímanet eða hann er endurseljandi farsímaþjónustu.

- 81) Ef þeim sem veita farsímaþjónustu í Sambandinu þykir ávinningi af rekstrarsamhæfi og tengingu viðskiptavina sinna, enda á milli, teflt í tvísýnu með uppsögn eða hættu á uppsögn á reikittilhögun við rekstraraðila farsímaneta eða eru ófærir um að veita viðskiptavinum sínum þjónustu í öðru aðildarríki vegna þess að ekki er til samningur við a.m.k. einn rekstraraðila heilðsöluNETA skulu landsbundin stjórnvöld nota, ef nauðsyn ber til, valdheimildir sínar skv. 5. gr. aðgangstilskipunarinnar til að sjá til þess að aðgangur og samtenging sé viðunandi í því skyni að tryggja þjónustu sem leyfir tengingu, enda á milli, og rekstrarsamhæfi með hliðsjón af markmiðum í 8. gr. rammatilskipunarinnar, einkum myndun fullkomlega starfandi innri markaðar fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu.
- 82) Til þess að auka gagnsæi smásöluverðs fyrir reikiþjónustu og til að auðvelda reikiviðskiptavinum að taka ákvarðanir um notkun farsamskiptatækja sinna þegar þeir eru í útlöndum skulu þeir sem veita fjarskiptaþjónustu veita reikiviðskiptavinum sínum, án endurgjalds, upplýsingar um reikigjöld sem eiga við um þá þegar þeir nota reikiþjónustu í aðildarríkinu sem heimsótt er. Þar sem tilteknir hópar viðskiptavina geta verið vel upplýstir um reikigjöld skulu veitendur reikiþjónustu veita möguleika á því að hafna auðveldlega þessari sjálfvirku skilaboðaþjónustu. Enn fremur skulu veitendur með virkum hætti gefa viðskiptavinum sínum, að því tilskildu að hinir síðarnefndu séu staddir í Sambandinu, óski þeir þess og að kostnaðarlausu, viðbótarupplýsingar um mínútagjöld eða gjöld fyrir hver smáskilaboð eða hvert megabæti af gögnum (þ.m.t. virðisaukaskattur) þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum og einnig fyrir að senda og taka á móti smáskilaboðum, MMS-skilaboðum og vegna annarrar gagnafjarskiptaþjónustu í aðildarríkinu sem heimsótt er.
- 83) Með gagnsæi er þess einnig krafist að veitendur láti í té upplýsingar um reikigjöld, einkum Evrópugjaldskrár um talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga og heildarfastagjaldið, ef þeir bjóða slíkt, þegar skrifað er undir áskrift og í hvert sinn sem breyting verður á reikigjöldum. Reikiþjónustuveitendur skulu veita upplýsingar um reikigjöld á viðeigandi hátt, s.s. með reikningum, á Netinu, í sjónvarpsauglýsingum eða með markpósti. Allar upplýsingar og tilboð skulu vera skýr, skiljanleg, samanburðarhæf og gagnsæ með tilliti til verðs og eiginleika þjónustu. Auglýsingar um reikittilboð og markaðssetning til neytenda skulu vera að fullu í samræmi við löggjöf um neytendavernd, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum („Tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti“) ⁽¹⁾. Reikiþjónustuveitendur skulu tryggja að öllum reikiviðskiptavinum þeirra sé kunnugt um að þeim bjóðist gjaldskrár, sem reglurnar eru settar um, á viðkomandi tímabili og þeir skulu senda skýrar og óhlutdrægar tilkynningar skriflega til þessara
- viðskiptavina þar sem lýst er skilyrðum Evrópugjaldskráa fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga og réttinum til að skipta yfir í þær eða hætta að nota þær.
- 84) Enn fremur skal innleiða ráðstafanir til að auka gagnsæi, að því er varðar smásölugjöld á allri reikigagnaþjónustu, einkum í því skyni að komast hjá því vandamáli, sem stendur snurðulausri starfsemi innri markaðarins fyrir þrifum, að viðskiptavinir fái óvænt miklu hærri reikninga en þeir þjuggust við („reikningsáfall“), og veita reikiviðskiptavinum þau tæki sem þeir þarfnast til að fylgjast með og stjórna útgjöldum sínum til reikigagnaþjónustu. Að sama skapi skal ekkert standa í vegi fyrir tilkomu forrita eða tækni sem getur komið í stað reikiþjónustu eða myndað annan valkost við hana, t.d. þráðlaus netaðgangur (WiFi).
- 85) Einkum skulu veitendur reikiþjónustu veita reikiviðskiptavinum sínum persónubundnar gjaldskrárupplýsingar án endurgjalds um gjöld sem þessir tilteknu viðskiptavinir greiða fyrir reikigagnaþjónustu í hvert sinn sem þeir byrja að nýta sér reikigagnaþjónustu við komuna í annað land. Þessar upplýsingar skal senda í farsamskiptatæki þeirra með þeim hætti sem hentar best svo auðvelt sé að taka við og skilja þær, og þannig að auðvelt sé að fá aðgang að þeim síðar.
- 86) Til að auðvelda viðskiptavinum að skilja fjárhagslegar afleiðingar þess að nota reikigagnaþjónustu og að leyfa þeim að fylgjast með og stjórna útgjöldum sínum, skulu veitendur reikiþjónustu, bæði áður en og eftir að samningur er gerður, halda viðskiptavinum sínum nægilega upplýstum um gjöld fyrir reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um. Slíkar upplýsingar geta m.a. falið í sér dæmi um námundað gagnamagn sem notað er t.d. þegar tölvupóstur eða mynd er send, vefsíður skoðaðar eða hugbúnaður í farsamskiptatækjum notaður.
- 87) Til að komast hjá reikningsáfallum skulu veitendur reikiþjónustu einnig ákvarða eitt eða fleiri hámark hvað varðar fjárhæðir og/eða magn fyrir útstandandi gjöld af reikigagnaþjónustu, gefið upp í þeim gjaldmiðli sem reikningur reikiviðskiptavinarins er gerður og kynna þau öllum reikiviðskiptavinum sínum án endurgjalds, ásamt því að senda viðeigandi tilkynningu, á sniði sem hægt er að skoða aftur síðar, þegar þetta hámark nálgast. Þegar hámarkinu hefur verið náð skulu viðskiptavinir hætta að fá þessa þjónustu og vera rukkaðir fyrir hana nema þeir óski sérstaklega eftir að halda áfram að fá þessa þjónustu í samræmi við skilmála og skilyrði sem sett eru fram í tilkynningunni. Í því tilviki skulu þeir fá staðfestingu án endurgjalds, á sniði sem hægt er að skoða aftur síðar. Reikiviðskiptavinir skulu fá tækifæri til að velja sér eitthvert af þessum hámarkum á

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.

fjárhæðir eða magn innan hæfilegs tíma, eða velja að hafa ekki slíkt hámark. Viðskiptavinir skulu sjálfkrafa falla undir hámarkskerfi nema þeir taki annað fram.

- 88) Líta ber á þessar ráðstafanir til gagnsæis sem lágmarks vernd fyrir reikiviðskiptavinum og þær ættu ekki að koma í veg fyrir að veitendur reikiþjónustu bjóði viðskipta vinum sínum ýmsar aðrar leiðir til að sjá fyrir og stjórna útgjöldum sínum vegna reikigagnaþjónustu. Sem dæmi má nefna að margir veitendur reikiþjónustu eru að þróa ný fastagjöld á reikilboðum í smásölu sem heimila gagnaflutning fyrir ákveðið verð á tilgreindu tímabili upp að marki sem má teljast eðlilegt. Veitendur reikiþjónustu eru sömuleiðis að þróa kerfi sem gera reikiviðskiptavinum þeirra kleift að fylgjast með útistandandi gjöldum sínum af reikigagnaþjónustu safnast upp í rauntíma. Samræmdu reglurnar skulu endurspeglar þessa þróun á innanlandsmörkuðum til að snurðulaus starfsemi innri markaðarins sé tryggð.
- 89) Viðskiptavinir með fyrirframgreidda gjaldskrá geta einnig orðið fyrir reikningsáföllum vegna notkunar á reikigagnaþjónustu. Af þessum sökum skulu ákvæði um lokunarmörk einnig gilda um þessa viðskiptavini.
- 90) Það er umtalsvert misræmi á milli reikigjalda sem reglurnar eru settar um innan Sambandsins og reikigjalda sem viðskiptavinir stofna til þegar þeir ferðast utan Sambandsins, en þau eru umtalsvert hærri en verð innan Sambandsins. Þar sem samræmd nálgun á gagnsæi og verndarráðstöfunum varðandi reiki utan Sambandsins er ekki fyrir hendi, eru neytendur ekki öruggir um réttindi sín sem hamlar því oft að þeir noti farsamskiptaþjónustu erlendis. Gagnsæjar upplýsingar sem veittar eru neytendum geta ekki aðeins hjálpað þeim að ákveða hvernig eigi að nota farsamskiptatæki á ferðalögum erlendis (bæði innan og utan Sambandsins) heldur einnig við val á milli veitenda reikiþjónustu. Því er nauðsynlegt að taka á vandamálinu sem er skortur á gagnsæi og neytendavernd með því að beita tilteknum gagnsæis- og verndarráðstöfunum einnig á reikiþjónustu sem veitt er utan Sambandsins. Þessar ráðstafanir auðvelda samkeppni og bæta starfsemi innri markaðarins.
- 91) Ef rekstraraðili heimsóttar netsins í heimsóttu landi utan Sambandsins heimilar ekki veitanda reikiþjónustu að vakta notkun viðskiptavinarins í rauntíma, skal veitanda reikiþjónustunnar ekki vera skylt að bjóða upp á háværk á fjárhæðir eða magn til verndar viðskipta vinum.
- 92) Landsbundin stjórnvöld sem bera ábyrgð á því að sinna verkefnum samkvæmt reglurammanum um rafræn fjarskipti frá 2002 skulu hafa þær valdheimildir, sem þörf er á, til að hafa eftirlit með og framfylgja skyldum samkvæmt þessari reglugerð á yfirráðasvæði sínu. Þau skulu einnig fylgjast með þróun á verðlagningu á tal- og gagnaþjónustu viðskiptavina reikiþjónustu þegar þeir nota reiki innan Sambandsins, þ.m.t. ef við á, tiltekinn kostnaður sem tengist því að hringja eða taka á móti reikisímtölum á ystu svæðum Sambandsins og þörfin á að tryggja að unnt sé að endurheimta þennan kostnað svo viðunandi sé á heildsölumarkaðnum og að ekki séu notaðar umferðarstýringaraðferðir til að takmarka val þannig að viðskiptavinirnir hljóti skaða af. Þau skulu tryggja að uppfærðar upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar séu gerðar aðgengilegar hagsmunaaðilum og að niðurstöður þessa eftirlits séu birtar á sex mánaða fresti. Upplýsingar skulu veittar sérstaklega fyrir hvern fyrirtækjaviðskiptavin, viðskiptavini sem greiða eftirá og viðskiptavini sem greiða fyrir fram.
- 93) Reiki innanlands á ystu svæðum Sambandsins, þar sem farsímaleyfi eru aðgreind frá þeim sem eru gefin út annars staðar á yfirráðasvæði þess lands, gæti notið góðs af lækun á gjaldi til jafns við það sem tíðkast á innri markaðinum fyrir reikiþjónustu. Framkvæmd þessarar reglugerðar skal ekki leiða til meðferðar við verðlagningu sem er óhagstæðari fyrir viðskiptavini sem nota innanlandsreikiþjónustu miðað við viðskiptavini sem nota reikiþjónustu innan Sambandsins. Í þessu skyni geta landsbundin yfirvöld gert viðbótarráðstafanir í samræmi við lög Sambandsins.
- 94) Þegar mælt er fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð skulu aðildarríki, meðal annars, taka tillit til möguleika veitenda reikiþjónustu á því að bæta viðskiptavinum hvers kyns tafir eða hindranir á því að skipta til annars veitanda reikiþjónustu, í samræmi við landslög þeirra.
- 95) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á sameiginlegri nálgun, til að tryggja að notendur almennra farsímaneta greiði ekki óhóflegt verð fyrir reikiþjónustu innan Sambandsins og ná þannig fram öflugri neytendavernd með því að auka samkeppni milli veitenda reikiþjónustu, með öruggum, samræmdum og tímanlegum hætti og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í sam-

ræmi við dreifræðisregluna, sem sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

- 96) Eftirlitsskyldum vegna heilðsölugjalda fyrir reikiþjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga skal viðhaldið þar til skipulagsráðstafanir hafa tekið gildi og samkeppni á heilðsölumarkaði hefur þróast með fullnægjandi hætti. Auk þess sýna horfur á markaði að gagnaþjónusta muni smám saman verða mikilvægasti þáttur farsamskiptaþjónustu og að mesti athafna-krafturinn sé nú í reikigagnaþjónusta í heilðsölu, þar sem verð er þó nokkuð undir gildandi verði sem reglurnar eru settar um.

- 97) Öryggismörk í smásölu skulu höfð nægilega há til að raska ekki hugsanlegum samkeppnisávinningi af skipulagsráðstöfunum og að hægt sé að fjarlægja þau að fullu þegar þær ráðstafanir taka gildi og hafa stuðlað að þróun á raunverulegum innri markaði. Því skulu öryggismörk í smásölu fara lakkandi og falla síðan úr gildi.

- 98) Framkvæmdastjórnin skal meta hvort beiting þessarar reglugerðar skili árangri í ljósi markmiða hennar og að hvaða leyti hún stuðlar að framkvæmd reglurammans frá 2002 fyrir rafræn fjarskipti og snurðulausri starfsemi innri markaðarins. Í því samhengi skal framkvæmdastjórnin taka mið af áhrifum á samkeppnisstöðu veitenda farsímafjarskiptaþjónustu af misjafni stærð og frá ólíkum hlutum Sambandsins, þróun, straumum og gagnsæi í verði á smásölu- og heilðsölustigi, áhrifum þessara þátta á raunverulegan kostnað, að hve miklu leyti þær ályktanir sem dregnar eru í áhrifamatinu, sem fylgir þessari reglugerð, hafa verið staðfestar, kostnaði rekstraraðila og áhrifum á fjárfestingarnar. Í ljósi tæknilegra framfara skal framkvæmdastjórnin einnig taka mið af framboði og gæðum þjónustu sem getur komið í stað reikiþjónustu (t.d. aðgangur um þráðlaust net (WiFi)).

- 99) Eftirlitsskyldum með heilðsölu- og smásölugjöldum fyrir reikiþjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga skal viðhaldið til að verja neytendur svo lengi sem samkeppni í smásölu eða heilðsölu hefur ekki þróast að fullu. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin, fyrir 30. júní 2016, leggja mat á það hvort markmiðum þessarar reglugerðar hafi verið náð, þ.m.t. hvort skipulagsráðstafanir hafi verið framkvæmdar að fullu og samkeppni hafi náð að þróast með fullnægjandi hætti og samkeppni hafi ekki þróast með fullnægjandi hætti skal framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að samkeppni hafi ekki þróast með fullnægjandi hætti skal framkvæmdastjórnin leggja viðeigandi tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið til að tryggja að neytendur njóti viðunandi verndar frá og með árinu 2017.

- 100) Eftir að fyrrnefnt endurmat fer fram og til að tryggja að stöðugt eftirlit sé með reikiþjónustu innan Sambandsins skal framkvæmdastjórnin láta vinna skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á tveggja ára fresti, með almennri samantekt á helstu nýmælum á sviði reikiþjónustu og bráðabirgðamat á því hvernig hefur miðað í þá átt að ná markmiðum þessarar reglugerðar, ásamt öðrum leiðum að þessum markmiðum sem kunna að vera fyrir hendi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari reglugerð er tekin upp sameiginleg aðferð til að tryggja að notendur almennra farsímaneta á ferðalagi innan Bandalagsins borgi ekki óhóflegt verð, í samanburði við samkeppnishæf, innlend verð, fyrir reikiþjónustu innan Bandalagsins þegar þeir hringja eða taka á móti símtölum í talsímaþjónustu, senda eða taka á móti smáskilaboðum og nota pakkaskipta gagnaflutningsþjónustu, og þannig stuðlað að snurðulausri starfsemi innri markaðarins og ná fram öflugri neytendavernd en tryggja um leið samkeppni milli rekstraraðila farsímaneta og viðhalda bæði hvatningu til nýsköpunar og vals neytenda.

Í henni er mælt fyrir um reglur sem auðvelda aðskilda sölu á reikiþjónustu sem reglurnar eru settar um frá landsbundinni farsímaþjónustu og sett fram skilyrði fyrir heilðsöluáðgangi að almennum farsímanetum í þeim tilgangi að veita reikiþjónustu sem reglurnar eru settar um. Í henni er einnig mælt fyrir um tímabundnar reglur varðandi gjöld sem veitendum reikiþjónustu er heimilt að leggja á fyrir að veita reikiþjónustu sem reglurnar eru settar um. Þ.e. fyrir símtöl og smáskilaboð í talsímaþjónustu með upphaf og lúkningu innan Sambandsins og fyrir pakkaskipta gagnaflutningaþjónustu sem reikiviðskiptavinir nota í reiki á farsímaneti í öðru aðildarríki. Hún tekur bæði til gjalda sem rekstraraðilar farsímaneta leggja á í heilðsölu og gjalda sem veitendur reikiþjónustu leggja á í smásölu.

2. Aðskilin sala á reikiþjónustu frá landsbundinni farsímaþjónustu sem reglurnar eru settar um er nauðsynlegt millistig til að auka samkeppni í því skyni að lækka reikigjaldskrá fyrir viðskiptavinum svo koma megi á innri markaði fyrir farsímaþjónustu í Evrópu og að lokum án þess að munur sé að landsbundinni gjaldskrá og reikigjaldskrá.

3. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um reglur sem miða að því að auka gagnsæi í verðlagningu og bæta upplýsingamiðlun um gjöld til notenda reikiþjónustu.

4. Þessi reglugerð telst vera sértæk ráðstöfun í skilningi 5. mgr. 1. gr. rammatilskipunarinnar.

5. Þau hámarksgjöld, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, eru gefin upp í evrum.

6. Þar sem hámarksgjöldin í 7., 9. og 12. gr. eru tilgreind í öðrum gjaldmiðlum en evru skulu upphafleg mörk samkvæmt þessum greinum tilgreind í þeim gjaldmiðlum með því að nota viðmiðunargengið frá 1. maí 2012 sem Seðlabanki Evrópu birti í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Að því er varðar síðari mörk, sem kveðið er á um í 2. mgr. 7. gr., 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 12. gr., skulu endurskoðuðu gildin tilgreind með því að nota viðmiðunargengið sem birt er þann 1. maí á viðkomandi almanaksári. Að því er varðar hámarksgjöldin í 2. mgr. 7. gr., 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 12. gr., skal endurskoða mörk í öðrum gjaldmiðlum en evru árlega frá og með 2015. Mörkin sem endurskoðuð eru árlega í þessum gjaldmiðlum skulu gilda frá 1. júlí með viðmiðunargenginu sem birt er 1. maí það ár.

7. Þar sem hámarksgjöldin í 8., 10. og 13. gr. eru tilgreind í öðrum gjaldmiðlum en evru skulu upphafleg mörk samkvæmt þessum greinum tilgreind í þeim gjaldmiðlum með því að nota meðaltal viðmiðunargengisins sem Seðlabanki Evrópu birti 1. mars, 1. apríl og 1. maí 2012 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Að því er varðar síðari mörk, sem kveðið er á um í 2. mgr. 8. gr., 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 13. gr., skulu endurskoðuðu gildin tilgreind með því að nota meðaltal viðmiðunargengisins sem birt er þann 1. mars, 1. apríl og 1. maí á viðkomandi almanaksári. Að því er varðar hámarksgjöldin í 2. mgr. 8. gr., 2. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 13. gr., skal endurskoða mörk í öðrum gjaldmiðlum en evru árlega frá og með 2015. Mörkin sem endurskoðuð eru árlega í þessum gjaldmiðlum skulu gilda frá 1. júlí með meðaltali viðmiðunargengisins sem birt er 1. mars, 1. apríl og 1. maí á því ári.

2. gr.

Skilgreiningar.

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í 2. gr. tilskipunarinnar um aðgang, 2. gr. rammatilskipunarinnar og 2. gr. tilskipunarinnar um alþjónustu.

2. Til viðbótar við skilgreiningarnar, sem um getur í 1. mgr., er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „veitandi reikþjónustu“: fyrirtæki sem sér viðskiptavinum reikþjónustu fyrir smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um,

b) „veitandi landsbundinnar þjónustu“: fyrirtæki sem sér viðskiptavinum reikþjónustu fyrir landsbundinni farsímaþjónustu,

c) „annar veitandi reikþjónustu“: veitandi reikþjónustu sem er annar en veitandi landsbundinnar þjónustu,

d) „heimanet“: almennt fjarskiptanet í aðildarríki sem notað er af veitanda reikþjónustunnar til að bjóða reikiviðskiptavinum smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um,

e) „heimsótt net“: almennt, jarðfjarskiptanet sem staðsett er í aðildarríki öðru en því þar sem veitandi landsbundinnar þjónustu viðskiptavinar reikþjónustu er sem heimilur reikiviðskiptavinum að hringja eða taka á móti símtölum, senda eða taka á móti smáskilaboðum eða nota pakkaskipta gagnaflutningaþjónustu, með samkomulagi við rekstraraðila heimanetsins,

f) „reiki innan Sambandsins“: notkun reikiviðskiptavinar á farsamskiptatæki til að hringja eða taka á móti símtölum innan Sambandsins, senda eða taka á móti smáskilaboðum innan Sambandsins, eða nota pakkaskipta gagnaflutningaþjónustu meðan sá viðskiptavinur er í öðru aðildarríki en því þar sem þjónustuveitandinn sem veitir honum landsbundna þjónustu er staðsettur með samkomulagi milli rekstraraðila heimanetsins og rekstraraðila heimsóttá netsins,

g) „reikiviðskiptavinur“: viðskiptavinur veitanda reikþjónustu sem reglurnar eru settar um með almennu jarðfjarskiptaneti sem staðsett er í Sambandinu, sem hefur gert samning eða samkomulag við veitanda reikþjónustu sem heimilur reiki innan Sambandsins,

h) „reikisímtal sem reglurnar eru settar um“: símtal úr farsíma sem reikiviðskiptavinur hringir frá heimsóttu neti og lýkur á almennu fjarskiptaneti innan Sambandsins eða er mótttekið af reikiviðskiptavinum með upphaf í almennu fjarskiptaneti innan Sambandsins og lúkningu á heimsóttu neti,

i) „Evrópugjaldskrá fyrir talsíma“: gjaldskrá sem er ekki hærrí og hámarksgjaldið sem kveðið er á um í 8. gr. og veitandi reikþjónustu getur lagt á fyrir reikisímtöl, sem reglurnar eru settar um, í samræmi við þá grein,

j) „smáskilaboð“: stutt skilaboð á textaformi, sem samin eru fyrst og fremst með bókstöfum og/eða tölustöfum, sem hægt er að senda milli númera farsíma og/eða fastra síma í samræmi við númeraskipulag hvers lands,

k) „reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um“: smáskilaboð úr farsíma sem reikiviðskiptavinur sendir frá heimsóttu neti og lýkur á almennu fjarskiptaneti innan Sambandsins, eða er mótttekið af reikiviðskiptavinum, með upphaf í almennu fjarskiptaneti innan Sambandsins og lúkningu á heimsóttu neti,

- l) „Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð“: gjaldskrá sem er ekki hærri en hámarksgjaldið, sem kveðið er á um í 10. gr. og sem veitandi reikþjónustu getur lagt á fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, í samræmi við þá grein,
- m) „reikigagnaþjónusta sem reglurnar eru settar um“: reikþjónusta sem heimilar reikivíðskiptavinum að nota pakkaskipta gagnaflutningsþjónustu með farsamskiptatæki á meðan það er tengt heimsóttu neti. Reikigagnaþjónusta, sem reglurnar eru settar um, tekur ekki til sendingar eða móttöku reikisímtala eða smáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, en tekur til sendingar og móttöku myndskilaboða.“
- n) „Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga“: gjaldskrá sem er ekki hærri en hámarksgjaldið, sem kveðið er á um í 13. gr. og sem veitandi reikþjónustu getur lagt á fyrir reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, í samræmi við þá grein,
- o) „heildsöluaðgangur að reiki“: beinn heildsöluaðgangur að reiki eða heildsöluaðgangur að reiki til endursölu,
- p) „beinn heildsöluaðgangur að reiki“: að gera tiltækan búnað og/eða þjónustu rekstraraðila farsímanets fyrir annað fyrirtæki, með skilgreindum skilyrðum, í þeim tilgangi að það fyrirtæki veiti reikivíðskiptavinum reikþjónustu sem reglurnar eru settar um,
- q) „heildsöluaðgangur að reiki til endursölu“: veiting rekstraraðila farsímanets sem er annar en rekstraraðili heimsóttta netsins á reikþjónustu í heildsölu til annars fyrirtækis í þeim tilgangi að það fyrirtæki veiti reikivíðskiptavinum reikþjónustu sem reglurnar eru settar um.

3. gr.

Heildsöluaðgangur að reiki

1. Rekstraraðilar farsímaneta skulu verða við öllum réttmætum beiðnum um heildsöluaðgang að reiki.
2. Rekstraraðilum farsímaneta er aðeins heimilt að hafna beiðnum um heildsöluaðgang að reiki á grundvelli hlutlægra viðmiðana.
3. Heildsöluaðgangur að reiki skal ná yfir aðgang að öllum neteyningum og tengdri aðstöðu, viðkomandi þjónustu, hugbúnaði og upplýsingakerfum sem nauðsynleg eru til að veita viðskiptavinum reikþjónustu sem reglurnar eru settar um.
4. Reglur um heildsölureikigjöld sem reglurnar eru settar um og mælt er fyrir um í 7., 9. og 12. gr. skulu gilda um aðgang að öllum þáttum heildsölureikiaðgangs sem um getur í 3. mgr.

Með fyrirvara um fyrsta undirlið, ef um er að ræða heildsöluaðgang að reiki til endursölu, mega rekstraraðilar farsímaneta innheimta sanngjarnt og réttmætt verð fyrir þætti sem falla ekki undir 3. mgr.

5. Rekstraraðilar farsímaneta skulu birta viðmiðunartilboð, með tilliti til leiðbeininga evrópsks hóps eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta sem um getur í 8. mgr., og gera það aðgengilegt fyrirtækjum sem óska eftir heildsöluaðgangi að reiki. Rekstraraðilar farsímaneta skulu leggja drög að samningi fyrir fyrirtækið sem óskar eftir aðgangi og sem samrýmist þessari grein að því er varðar þennan aðgang eigi síðar en einum mánuði frá því að rekstraraðili farsímanetsins fækk beiðnina fyrst í hendur. Veita skal heildsöluaðgang að reiki innan hæfilegs tíma sem skal ekki vera lengri en þrjú mánuðir frá því að samningurinn var gerður. Rekstraraðilar farsímaneta sem taka við beiðni um heildsöluaðgang að reiki og fyrirtæki sem óska eftir aðgangi skulu semja í góðri trú.

6. Viðmiðunartilboðið sem um getur í 5. mgr. skal vera nægilega ítarlegt og innihalda alla þætti sem nauðsynlegir eru fyrir heildsöluaðgang að reiki sem um getur 3. mgr., með lýsingu á tilboðum sem eiga við um beinan heildsöluaðgang að reiki og heildsöluaðgang að reiki til endursölu og tengdum skilmálum og skilyrðum. Ef nauðsyn krefur skulu landsbundin stjórnvöld gera breytingar á viðmiðunartilboðum til að framfylgja skyldum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

7. Ef fyrirtækið sem óskar eftir aðgangi hefur hug á því að hefja viðskiptaviðræður til að taka með þætti sem falla ekki undir viðmiðunartilboðið skal rekstraraðili farsímanetsins svara slíkri beiðni innan hæfilegs tíma sem ekki er lengri en tveir mánuðir frá upphaflegri móttöku. Að því er varðar þessa málsgrein skulu 2. og 5. mgr. ekki gilda.

8. Fyrir 30. september 2012 og til að stuðla að afdráttarlausri beitingu þessarar greinar skal evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta, að höfðu samráði við hagsmunaaðila og í náinni samvinnu við framkvæmdastjórnina, mæla fyrir um leiðbeiningar um heildsöluaðgang að reiki.

9. Ákvæði 5. til 7. mgr. gilda frá 1. janúar 2013.

4. gr.

Aðskilin sala á smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um

1. Veitendur landsbundinnar þjónustu skulu gera viðskiptavinum sínum kleift að fá aðgang að reikþjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga sem reglurnar eru settar um sem veitt er í pakka af öðrum veitanda reikþjónustu.

Hvorki veitendur landsbundinnar þjónustu né veitendur reikþjónustu skulu hindra viðskiptavinum í því að fá aðgang að reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um sem veitt er beint á heimsóttu neti af öðrum veitanda reikþjónustu.

2. Viðskiptavinir reikþjónustu skulu hafa heimild til að skipta á milli veitanda reikþjónustu hvenær sem er. Ef viðskiptavinur reikþjónustu velur að skipta um veitanda reikþjónustu skal framkvæma skiptin án ástæðulausrar tafar, og alltaf á stysta mögulega tíma með hliðsjón af tæknilausninni sem valin er fyrir innleiðingu á aðskilinni sölu á smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um, en aldrei síðar en þremur virkum dögum frá því að samningur er gerður við nýjan veitanda reikþjónustu.

3. Skipti til annars veitanda reikþjónustu eða á milli veitanda reikþjónustu skulu vera án endurgjalds fyrir viðskiptavinum og vera möguleg undir öllum gjaldskrá. Þau skulu ekki fela í sér neina tengda áskrift eða viðbætt föst eða endurtekin gjöld sem eiga við um aðra þætti áskriftarinnar en reiki, samanborið við gildandi skilyrði fyrir skiptin.

4. Veitendur landsbundinnar þjónustu skulu upplýsa alla viðskiptavinum reikþjónustu með skýrum, ítarlegum og aðgengilegum hætti um möguleikann á því að velja um þjónustu sem um getur í fyrsta undirlið 1. mgr.

Einkum þegar samningur um farsímaþjónustu er gerður eða endurnýjaður skulu veitendur landsbundinnar þjónustu veita öllum viðskiptavinum, hverjum fyrir sig, allar upplýsingar um möguleikann á því að velja annan veitanda reikþjónustu og skulu ekki hindra gerð samnings við annan veitanda reikþjónustu. Viðskiptavinir sem gera samning við veitanda landsbundinnar þjónustu um reikþjónustu sem reglurnar eru settar um skulu staðfesta með skýrum hætti að þeir hafi verið upplýstir um þennan möguleika. Veitandi landsbundinnar þjónustu skal ekki hindra, letja eða ráða smásölum sem starfa sem söluaðili veitanda landsbundinnar þjónustu frá því að bjóða samninga um aðskilda reikþjónustu hjá öðrum veitendum reikþjónustu.

5. Tæknilegum eiginleikum reikþjónustu sem reglurnar eru settar um skal ekki breytt þannig að þeir séu frábrugðnir tæknilegum eiginleikum reikþjónustu sem reglurnar eru settar um, að meðtöldum gæðapáttum, sem veitt er viðskiptavininum fyrir skiptin. Ef skiptin varða ekki alla reikþjónustu sem reglurnar eru settar um skal áfram veita þjónustu sem ekki hefur verið skipt um á sama verði og svo sem framast er unnt með sömu tæknilegu eiginleikum, að meðtöldum gæðapáttum.

6. Ákvæði þessarar greinar gilda frá og með 1. júlí 2014.

5. gr.

Framkvæmd aðskilinnar sölu á smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um

1. Veitendur landsbundinnar þjónustu skulu innleiða aðskilda sölu á reikþjónustu sem reglurnar eru settar um sem kveðið er á um 4. gr., svo viðskiptavinir geti notað landsbundna farsímaþjónustu og aðskilda reikþjónustu sem reglurnar eru settar um. Veitendur landsbundinnar þjónustu skulu verða við öllum réttmætum beiðnum um aðgang að aðstöðu og tengdri stuðningsþjónustu sem á við um aðskilda sölu á smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um. Aðgangur að þeirri aðstöðu og stuðningsþjónustu sem er nauðsynleg fyrir aðskilda sölu á reikþjónustu sem reglurnar eru settar um, þ.m.t. sannvottun notenda, skal vera án endurgjalds og skal ekki fela í sér nein bein gjöld til viðskiptavina.

2. Til að tryggja samræmda og samtíma framkvæmd um allt Sambandið á aðskilinni sölu á smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum og að höfðu samráði við evrópskan hóp eftirlitsaðila á sviði rafræna fjarskipta, samþykka eigi síðar en 31. desember 2012, ítarlegar reglur um upplýsingaskyldu sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 4. gr. og um tæknilega lausn fyrir innleiðingu á aðskilinni sölu smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr. og gilda frá og með 1. júlí 2014.

3. Tæknilegu lausnirnar fyrir innleiðingu á aðskilinni sölu smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði um:

- a) neytendavænleika, einkum þannig að neytendum sé gert kleift að skipta auðveldlega og fljótt til annars veitanda reikþjónustu og halda um leið farsímanúmerinu sem þeir eru með og nota sama farsamskiptatæki,
- b) getu til að anna öllum flokkum eftirspurnar neytenda á samkeppnisgrundvelli, þ.m.t. mikil notkun á gagnþjónustu,
- c) getu til að stuðla á skilvirkan hátt að samkeppni, einnig með tilliti til möguleika rekstraraðila á því að nýta eignir sínar í grunnvirkjum eða viðskiptasamninga,
- d) kostnaðarhagkvæmni, með tilliti til skiptingu kostnaðar á milli veitanda landsbundinnar þjónustu og annarra veitanda reikþjónustu,
- e) getu til að koma í framkvæmd skyldunum sem um getur í 1. mgr. 4. gr. með skilvirkum hætti,
- f) að gera hámarksrekstrarsamhæfi mögulegt,
- g) notendavænleika, einkum að því er varðar tæknilega meðhöndlun viðskiptavinar á farsamskiptatæki þegar skipt er um net,
- h) tryggja að reiki viðskiptavina í Sambandinu í þriðju löndum eða viðskiptavina frá þriðju löndum innan Sambandsins sé ekki hindrað,
- i) að tryggt sé að reglum um verndun einkalífs, persónuupplýsingar, öryggi og heilleika netkerfa og gagnsæi sem krafist er í rammatilskipuninni og sértæku tilskipununum sé framfylgt,
- j) að taka tillit til þess að landsbundin stjórnvöld stuðla að því að endanlegir notendur geti fengið aðgang að og dreift upplýsingum eða keyrt forrit og þjónustu að eigin vali í samræmi við g-lið, 4. mgr., 8. gr. rammatilskipunarinnar,
- k) að tryggt sé að veitendur beiti jafngildum skilyrðum við jafngildar aðstæður,

4. Tæknilega lausnin getur sameinað eina eða nokkrar tæknilegar skipanir í þeim tilgangi að uppfylla viðmiðin sem sett eru fram í 3. mgr.

5. Ef nauðsyn krefur skal framkvæmdastjórnin veita evrópsku staðlastofnuninni umboð til að aðlaga viðkomandi staðla sem eru nauðsynlegir fyrir samræmda innleiðingu á aðskilinni sölu á smásölureikþjónustu sem reglurnar eru settar um.

6. Ákvæði 1., 3., 4. og 5. mgr. þessarar greinar gilda frá 1. júlí 2014.

6. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fjarskiptanefndarinnar sem komið er á föt með 22. gr. rammatilskipunarinnar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

7. gr.

Heildsölugjöld fyrir reikisímtöl sem reglurnar eru settar um

1. Meðalheildsölugjald sem rekstraraðili heimsótt nets getur lagt á veitanda reikþjónustu viðskiptavinar fyrir reikisímtal sem reglurnar eru settar um og hringt er frá heimsóttu netinu, að meðtöldum m.a. upphafs- umflutnings- og lúkingarkostnaði, skal ekki vera hærra en 0,14 evrur á mínútu frá og með 1. júlí 2012.

2. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. gr., skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil, eða styttra tímabil sé skemmra þangað til hæsta meðalheildsölugjaldið, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, fellur úr gildi, eða fram til 30. júní 2022. Hæsta meðalheildsölugjaldið skal lækka í 0,10 evrur 1. júlí 2013 og í 0,05 evrur 1. júlí 2014 og skal, með fyrirvara um ákvæði 19. greinar, vera 0,05 evrur til 30. júní 2022.

3. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal reiknað með því að deila heildartekjum af heildsölu á reiki með heildarfjölda reikiminútna sem viðkomandi rekstraraðili setur í heildsölu reikisímtala innan Sambandsins á viðkomandi tímabili, samantekið á sekúndugrundvelli og breytt til að taka tillit til þess að rekstraraðili heimsóttu netsins geti lagt á lágmarksgjaldtökutíma fyrir upphaf símtala sem hringd eru, sem þó skal ekki vera lengri en 30 sekúndur.

8. gr.

Smásölugjöld fyrir reikisímtöl sem reglurnar eru settar um

1. Veitendur reikþjónustu skulu sjá til þess að Evrópugjaldskrá fyrir talsíma sem kveðið er á um í 2. mgr. sé tiltæk og vera virkir í því að bjóða öllum reikiviðskiptavinum sínum hana á skýran og gagnsæjan hátt. Þessi gjaldskrá fyrir gagnþjónustu skal ekki fela í sér nein áskriftargjöld eða önnur föst eða endurtekin gjöld og hana má sameina öðrum smásölugjaldskrá.

Þegar tilboðið er lagt fram skulu veitendur reikþjónustu minna reikiviðskiptavini sína sem höfðu valið tiltekna reikigjaldskrá eða -pakka á skilyrðin sem gilda um þá gjaldskrá eða pakka.

2. Frá og með 1. júlí 2012 getur smásölugjald (að frátöldum virðisaukaskatti) í Evrópugjaldskrá fyrir talsíma sem veitandi reikþjónustu getur lagt á reikiviðskiptavin sinn fyrir reikisímtal sem reglurnar eru settar um getur verið breytilegt milli reikisímtala en skal ekki vera hærra en 0,29 evrur fyrir símtal sem hringt er eða 0,08 evrur fyrir símtal sem tekið er á móti. Hámarkssmásölugjöld fyrir símtöl þar sem hringt er skal lækka í 0,24 evrur þann 1. júlí 2013 og 0,19 evrur þann 1. júlí 2014 og hámarkssmásölugjald fyrir símtöl sem tekið er á móti skal lækka í 0,07 evrur þann 1. júlí 2013 og 0,05 evrur þann 1. júlí 2014. Með fyrirvara um ákvæði 19. gr. skulu þessi hámarkssmásölugjöld fyrir Evrópugjaldskrá fyrir talsíma halda gildi sínu til 30. júní 2017.

Veitendur reikþjónustu skulu ekki leggja nein gjöld á reikiviðskiptavini sína fyrir að taka á móti talhólfsskilaboðum. Þetta skal vera með fyrirvara um önnur gjöld sem kunna að eiga við, t.d. gjöld fyrir að hlusta á slík skilaboð.

Allir veitendur reikþjónustu skulu rukka reikiviðskiptavini sína fyrir veitingu allra reikisímtala, sem reglurnar eru settar um, sem Evrópugjaldskrá fyrir talsíma gildir um, hvort sem það er símtal sem hringt er eða tekið á móti, á sekúndugrundvelli.

Veitandi reikþjónustu getur lagt á lágmarksupphafsgjald fyrir tímabil sem ekki er lengra en 30 sekúndur fyrir símtöl, sem hringd eru og falla undir Evrópugjaldskrá fyrir talsíma.

3. Veitendur reikþjónustu skulu láta Evrópugjaldskrá fyrir talsíma gilda sjálfkrafa fyrir alla reikiviðskiptavini, að undanskildum reikiviðskiptavinum sem hafa þegar sérstaklega valið tiltekna reikigjaldskrá eða -pakka sem gera þeim kleift að njóta góðs af annarri gjaldskrá fyrir reikisímtöl, sem reglurnar eru settar um, en þeim hefði verið úthlutað hefðu þeir ekki mátt velja.

4. Veitendur reikþjónustu skulu láta Evrópugjaldskrá fyrir talsíma gilda fyrir alla nýja reikiviðskiptavini sem velja ekki sérstaklega aðra reikigjaldskrá eða gjaldskrárpakka fyrir reikþjónustu sem felur í sér ólíkar gjaldskrár fyrir reikisímtöl sem reglurnar eru settar um.

5. Allir reikiviðskiptavinir geta óskað eftir að skipta yfir í eða úr Evrópugjaldskrá fyrir talsíma. Öll skipti skulu framkvæmd innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttækin, án endurgjalds og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar, nema reikiviðskiptavinur, sem hefur gerst áskrifandi að sérstökum reikijónustupakka sem felur í sér fleiri en eina tegund reikijónustu sem reglurnar eru settar um, óskar eftir að skipta yfir í Evrópugjaldskrá fyrir talsíma, er veitanda reikijónustu heimilt að fara fram á að viðskiptavinurinn, sem vill skipta, afsali sér fríðindum sem hann nýtur vegna annarra þátta þessa pakka. Veitandi reikijónustu getur frestað slíkum skiptum þar til fyrri reikigjaldskráin hefur verið í gildi í ákveðinn lágmarkstíma sem skal ekki vera lengri en tveir mánuðir. Evrópugjaldskrá fyrir talsíma má alltaf sameina við Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð og fyrir gagnaflutninga.

9. gr.

Heildsölugjöld fyrir reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um

1. Frá og með 1. júlí 2012 skal meðalheildsölugjald sem rekstraraðili heimsóttá netsins má leggja á fyrir veitingu á reikismáskilaboðum sem reglurnar eru settar um sem eiga uppruna í heimsóttá netinu ekki vera hærra en 0,03 evrur fyrir hver smáskilaboð. Hæsta meðalheildsölugjaldið skal lækka í 0,02 evrur 1. júlí 2013 og skal, með fyrirvara um ákvæði 19. greinar, vera 0,02 evrur til 30. júní 2022.

2. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil eða styttra tímabil, sem eftir er til 30. júní 2022.

3. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal reiknað með því að deila heildarheildsölutekjum, sem viðkomandi rekstraraðili heimsóttá netsins eða rekstraraðili heimanets fær fyrir upphaf og lúkningu reikismáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, innan Sambandsins á viðeigandi tímabili, með heildarfjölda smáskilaboða sem eiga upphaf hjá og eru send á vegum viðkomandi veitanda reikijónustu eða rekstraraðila heimanets á því tímabili.

4. Rekstraraðili heimsóttá netsins skal ekki leggja gjald á veitanda reikijónustu eða rekstraraðila heimanets reikiviðskiptavinar fyrir lúkningu reikismáskilaboða, sem reglurnar eru settar um og send eru reikiviðskiptavini meðan hann reikar á heimsóttá netinu, að frátöldu gjaldinu sem um getur í 1. mgr.

10. gr.

Smásölugjöld fyrir reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um

1. Veitendur reikijónustu skulu sjá til þess að Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð sem kveðið er á um í 2. mgr. sé tiltæk og vera virkir í því að bjóða öllum reikiviðskiptavinum sínum hana á skýran og gagnsæjan hátt. Þessi Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð skal ekki fela í sér nein áskriftargjöld eða önnur föst eða siendurtekin gjöld og hana má sameina öðrum smásölugjaldskrá, sbr. þó önnur ákvæði þessarar greinar.

2. Frá og með 1. júlí 2012 getur smásölugjald (að frátöldum virðisaukaskatti) í Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð, sem veitandi reikijónustu getur lagt á reikiviðskiptavin sinn fyrir

reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um og sem reikiviðskiptavinurinn sendir, verið breytilegt milli reikismáskilaboða sem reglurnar eru settar um en skal ekki vera hærra en 0,09 evrur. Hámarksgjaldið skal lækka í 0,08 evrur 1. júlí 2013 og í 0,06 evrur 1. júlí 2014 og skal, með fyrirvara um ákvæði 19. greinar, vera 0,06 evrur til 30. júní 2017.

3. Veitendur reikijónustu skulu ekki leggja nein gjöld á reikiviðskiptavini sína fyrir að taka á móti reikismáskilaboðum sem reglurnar eru settar um.

4. Veitendur reikijónustu skulu láta Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð gilda sjálfkrafa fyrir alla reikiviðskiptavini, að undanskildum reikiviðskiptavinum sem hafa þegar sérstaklega valið tiltekna reikigjaldskrá eða pakka sem gera þeim kleift að njóta góðs af annarri gjaldskrá fyrir reikismáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, en þeim hefði verið úthlutað hefðu þeir ekki mátt velja.

5. Veitendur reikijónustu skulu láta Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð gilda fyrir alla nýja reikiviðskiptavini sem velja ekki sérstaklega aðra gjaldskrá fyrir reikismáskilaboð eða gjaldskrápakka fyrir reikijónustu sem felur í sér ólíkar gjaldskrár fyrir reikismáskilaboð sem reglurnar eru settar um.

6. Allir reikiviðskiptavinir geta, hvenær sem er, óskað eftir að skipta yfir í eða úr Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð. Öll skipti skulu framkvæmd án endurgjalds innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttækin og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar en reikijónustu. Veitandi reikijónustu getur frestað slíkum skiptum þar til fyrri reikigjaldskráin hefur verið í gildi í ákveðinn lágmarkstíma sem skal ekki vera lengri en þrjú mánuðir. Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð má alltaf sameina við Evrópugjaldskrá fyrir talsíma og fyrir gagnaflutninga.

11. gr.

Tæknilegir eiginleikar reikismáskilaboða sem reglurnar eru settar um

Hvorki veitandi reikijónustu, veitandi landsbundinnar þjónustu, rekstraraðili heimanets né rekstraraðili heimsóttá nets skulu breyta tæknilegum eiginleikum reikismáskilaboða, sem reglurnar eru settar um, á þann hátt að þeir verði frábrugðnir tæknilegum eiginleikum smáskilaboða sem í boði eru á innanlandsmarkaði.

12. gr.

Heildsölugjöld fyrir reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um

1. Frá og með 1. júlí 2012 skal meðalheildsölugjald sem rekstraraðili heimsóttá netsins má leggja á þjónustuveitanda heimanets viðskiptavinar reikijónustu fyrir veitingu reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um í heimsóttá netinu ekki vera hærra en öryggismörk sem eru 0,25 evrur fyrir hvert megabæti af fluttum gögnum. Lækka skal öryggismörkin í 0,15 evrur fyrir hvert megabæti af fluttum gögnum frá og með 1. júlí 2013 og 0,05 evrur frá og með 1.

júlí 2014 og skal, með fyrirvara um ákvæði 19. greinar, vera 0,05 evrur fyrir hvert megabæti af fluttum gögnum þar til 30. júní 2022.

2. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal gilda milli tveggja rekstraraðila og skal reiknað fyrir tólf mánaða tímabil eða styttra tímabil, sem eftir er til 30. júní 2022.

3. Meðalheildsölugjaldið, sem um getur í 1. mgr., skal reiknað með því að deila heildarheildsölu tekjum sem rekstraraðili heimsóttá netsins eða rekstraraðila heimanetsins fær fyrir veitingu reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, á viðeigandi tímabili, með heildarfjölda megabæta af gögnum, sem eru notuð í raun við veitingu þjónustunnar á því tímabili, umreiknuðum í kílóbæti fyrir hönd viðkomandi veitanda reikijónustu eða rekstraraðila heimanets á því tímabili.

13. gr.

Smásölugjöld fyrir reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um

1. Veitendur reikijónustu skulu sjá til þess að Evrópugjaldskrá fyrir gagnaþjónustu sem kveðið er á um í 2. mgr. sé tiltæk og vera virkir í því að bjóða öllum reikiviðskiptavinum sínum hana á skýran og gagnsæjan hátt. Evrópugjaldskrá fyrir gagnaþjónustu skal ekki fela í sér nein áskriftargjöld eða önnur föst eða endurtekin gjöld og hana má sameina öðrum smásölugjaldskráum.

Þegar tilboðið er lagt fram skulu veitendur reikijónustu minna þá reikiviðskiptavinum sem hafa þegar valið tiltekna reikigjaldskrá eða -pakka á skilyrðin sem gilda um þá gjaldskrá eða pakka.

2. Frá og með 1. júlí 2012 skal smásölugjald (að frátöldum virðisaukaskatti) í Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga, sem veitandi reikijónustu getur lagt á reikiviðskiptavin sinn fyrir veitingu reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um ekki vera hærra en 0,70 evrur á hvert megabæti sem notað er. Lækka skal hámarksmásölugjöld í 0,45 evrur fyrir hvert megabæti sem notað er frá og með 1. júlí 2013 og 0,20 evrur fyrir hvert megabæti sem notað er frá og með 1. júlí 2014 og skal, með fyrirvara um ákvæði 19. greinar, vera 0,20 evrur fyrir hvert megabæti sem notað er þar til 30. júní 2017.

Allir veitendur reikijónustu skulu taka gjald af viðskiptavinum reikijónustu fyrir alla reikigagnaþjónustu sem reglurnar eru settar um sem Evrópugjaldskrá um gagnaflutninga gildir um fyrir hvert kílóbæti, að frátöldum myndskilaboðum sem má gjaldfæra fyrir hverja einingu. Í því tilvikum skal smásölugjaldið sem veitandi reikijónustu leggur á viðskiptavin reikijónustu fyrir að senda eða taka á móti reikimyndskilaboðum ekki vera hærra en hámarksmásölugjaldið sem sett er fram í fyrsta undirlíð.

3. Frá 1. júlí 2012 skulu veitendur reikijónustu láta Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga gilda sjálfkrafa fyrir alla reikiviðskiptavinum, að undanskildum reikiviðskiptavinum sem hafa þegar sérstaklega valið tiltekna reikigjaldskrá eða sem eru þegar með gjaldskrá sem er sannanlega lægri en Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga eða sem hafa þegar valið pakka sem gerir þeim kleift að njóta góðs af annarri gjaldskrá fyrir reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, en þeim hefði verið úthlutað hefðu þeir ekki mátt velja.

4. Frá 1. júlí 2012 skulu veitendur reikijónustu láta Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga gilda fyrir alla nýja reikiviðskiptavinum sem hafa ekki sérstaklega valið aðra gjaldskrá fyrir reikigagnaflutninga eða gjaldskrápakka fyrir reikijónustu sem felur í sér ólíkar gjaldskrár fyrir reikigagnaflutninga sem reglurnar eru settar um.

5. Allir reikiviðskiptavinir geta, hvenær sem er, óskað eftir að skipta yfir í eða úr Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga sem virðir samningsskilyrði þeirra. Öll skipti skulu framkvæmd án endurgjalds innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttækin og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar en reikijónustu innan Sambandsins. Veitandi reikijónustu getur frestað slíkum skiptum þar til fyrri reikigjaldskráin hefur verið í gildi í ákveðinn lágmarkstíma sem skal ekki vera lengri en þrjú mánuðir. Evrópugjaldskrá fyrir gagnaflutninga má alltaf sameina við Evrópugjaldskrá fyrir smáskilaboð og fyrir talsíma.

6. Fyrir 30. júní 2012, skulu veitendur reikijónustu tilkynna öllum reikiviðskiptavinum sínum, hverjum fyrir sig, með skýrum og skiljanlegum hætti og á varanlegum miðli um Evrópugjaldskrána fyrir gagnaflutninga, að hún muni taka gildi í síðasta lagi 1. júlí 2012 fyrir alla reikiviðskiptavinum sem ekki hafa sérstaklega valið tiltekna gjaldskrá eða pakka sem gildir um reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, og um rétt þeirra til skipta yfir í hana og úr henni skv. 5. mgr.

14. gr.

Gagnsæi smásölugjalda fyrir reikisímtöl og -smáskilaboð

1. Til að gera reikiviðskiptavinum viðvart um að þeir þurfi að greiða reikigjöld, þegar hringt er eða tekið á móti símtali eða við sendingu smáskilaboða, skal sérhver veitandi reikijónustu, þegar viðskiptavinir koma til aðildarríkis annars en þess þar sem sá sem veitir þeim landsbundna þjónustu er, nema viðskiptavinurinn hafi tilkynnt veitanda reikijónustu að hann þarfnist ekki þeirrar þjónustu, sjálfkrafa veita viðskiptavininum persónubundnar grunnupplýsingar um verðlagningu reikigjalda (að meðtöldum virðisaukaskatti) í gegnum skilaboðþjónustu, án óþarfa tafa og endurgjaldslaust, sem viðskiptavinurinn þarf að greiða fyrir að hringja og taka á móti símtölum eða senda smáskilaboð í aðildarríkinu sem heimsótt er.

Í þessum persónubundnu grunnupplýsingum um verðlagningu skulu koma fram þau hámarksgjöld (í gjaldmiðli reikningsins sem viðskiptavinurinn fær frá þeim sem veitir honum landsbundna þjónustu) sem viðskiptavinurinn kann að þurfa að greiða samkvæmt gjaldskrárfyrirkomulagi sínu fyrir:

- a) reikisímtöl, sem reglurnar eru settar um, frá aðildarríkinu, sem heimsótt er, til aðildarríkisins, þar sem sá sem veitir honum landsbundna þjónustu er, og fyrir móttækin reikisímtöl sem reglurnar eru settar um og
- b) að senda smáskilaboð, sem reglurnar eru settar um, meðan á dvöl í heimsóttá aðildarríkinu stendur.

Í þeim skal einnig koma fram símanúmerið, sem um getur í 2. mgr., þar sem hægt er að fá ítarlegri upplýsingar endurgjaldslaust ásamt upplýsingum um hvernig ná megi sambandi við neyðarþjónustu með því að hringja í samevrópska neyðarnúmerið 112 endurgjaldslaust.

Við hver skilaboð skal viðskiptavinurinn hafa færi á því að tilkynna veitanda reikiþjónustu, án endurgjalds og með einföldum hætti, að hann þarfnist ekki sjálfvirku skilaboðaþjónustunnar. Viðskiptavinur, sem hefur tilkynnt að hann þarfnist ekki sjálfvirku skilaboðaþjónustunnar, skal eiga rétt á því, hvenær sem er og endurgjaldslaust, að óska eftir því að þjónustuveitandi heimanetsins veiti þjónustuna á ný.

Veitendur reikiþjónustu skulu veita blindum eða sjónskertum viðskiptavinum persónubundnu grunnupplýsingarnar um verðlagningu sem um getur í fyrsta undirliði sjálfkrafa og endurgjaldslaust með símtali í talsímaþjónustu óski þeir eftir því.

Ákvæði fyrsta, annars, fjórða og fimmta undirliðs skulu einnig gilda um reikiþjónustu fyrir talsíma og smáskilaboð sem viðskiptavinur reikiþjónustu nota á ferðalögum utan Sambandsins og sem veitt er af veitanda reikiþjónustu.

2. Til viðbótar við ákvæði 1. mgr. skulu viðskiptavinir eiga rétt á því að óska eftir og fá endurgjaldslaust og óháð staðsetningu þeirra innan Sambandsins ítarlegri persónubundnar upplýsingar um verðlagningu reikigjalda, sem gilda í heimsóttá netinu um símtöl í talsímaþjónustu og smáskilaboð, ásamt upplýsingum um ráðstafanir til gagnsæis sem koma til framkvæmda með þessari reglugerð, með símtali í farsímaþjónustu eða með smáskilaboðum. Slík beiðni skal berast með símtali í endurgjaldslaust númer sem veitandi reikiþjónustu tilgreinir til notkunar í þeim tilgangi. Skyldur sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu ekki gilda um tæki sem styðja ekki smáskilaboðavirkni.

3. Veitendur reikiþjónustu skulu veita öllum notendum tæmandi upplýsingar um viðeigandi reikigjöld, einkum Evrópugjaldskrána um talsímaþjónustu og Evrópugjaldskrána um smáskilaboð, þegar þeir gerast áskrifendur. Þeir skulu einnig veita reikiviðskiptavinum sínum upplýsingar um breytingar á viðeigandi reikigjöldum án óþarfa tafa í hvert sinn sem breytingar verða á þessum gjöldum.

Veitendur reikiþjónustu skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að allir reikiviðskiptavinir þeirra séu meðvitaðir um að þeim standi Evrópugjaldskráin fyrir talsímaþjónustu og Evrópugjaldskráin fyrir smáskilaboð til boða. Þeir skulu einkum tilkynna öllum reikiviðskiptavinum um skilyrði Evrópugjaldskrárinnar fyrir talsímaþjónustu og um skilyrði vegna Evrópugjaldskrár fyrir smáskilaboð, í báðum tilvikum á skýran hátt og án mismununar. Þeir skulu senda áminningar með eðlilegu millibili þaðan í frá til allra viðskiptavina sem hafa kosið aðra gjaldskrá.

Veittar upplýsingar skulu vera nægilega ítarlegar til þess að viðskiptavinir geti metið hvort það sé hagstætt fyrir þá að skipta yfir í Evrópugjaldskrá.

4. Veitendur reikiþjónustu skulu gera upplýsingar um hvernig eigi að komast hjá reiki fyrir slysi á landamærasvæðum aðgengilegar viðskiptavinum. Veitendur reikiþjónustu skulu gera skynsamlegar ráðstafanir til að verja viðskiptavini sína fyrir því að greiða reikigjöld vegna reiki fyrir slysi þegar þeir eru staddir í heimaaðildarríki sínu.

15. gr.

Gagnsæis- og verndarráðstafanir fyrir reikigagnaþjónustu í smásölu

1. Þjónustuveitendur heimaneta skulu tryggja að reikiviðskiptavinir þeirra séu nægilega vel upplýstir, bæði áður en og eftir að samningur er gerður, um gjöldin af notkun þeirra á reikigagnaþjónustu, sem reglurnar eru settar um, og upplýsa viðskiptavini á þann hátt að þeir átti sig auðveldlega á fjárhagslegum afleiðingum slíkrar notkunar og geti fylgst með og haft stjórn á hversu miklu fé þeir verja í reikigagnaþjónustu skv. 2. og 3. mgr.

Veitendur reikiþjónustu skulu upplýsa viðskiptavini sína, eftir því sem við á, um hættuna á sjálfvirkri og óhaminni reikigagnatengingu og niðurhali, áður en samningur er gerður og reglulega eftir það. Að auki skulu veitendur reikiþjónustu tilkynna reikiviðskiptavinum sínum, án endurgjalds og á skýran og auðskilinn hátt, um hvernig eigi að slökkva á þessum sjálfvirku reikigagnatengingum svo að þeir komist hjá óhaminni notkun reikigagnaþjónustu.

2. Veitendur reikiþjónustu skulu senda reikiviðskiptavinum sjálfvirk skilaboð þess efnis að hinir síðarnefndu séu að nota reikiþjónustu og veita þeim um leið persónubundnar grunnupplýsingar um gjöld fyrir veitingu reikigagnaþjónustu (í gjaldmiðli reikningsins sem viðskiptavinurinn fær frá þeim sem veitir honum landsbundna þjónustu), sem reglurnar eru settar um, fyrir hvert megabæti fyrir viðkomandi reikiviðskiptavin í viðkomandi aðildarríki, nema viðskiptavinurinn hafi tilkynnt veitanda reikiþjónustu að hann þarfnist ekki þessara upplýsinga.

Reikiviðskiptavinurinn skal fá slíkar persónubundnar grunnupplýsingar um gjaldskrá sendar í farsamskiptatæki sitt, t.d. með smáskilaboðum, tölvupósti eða sprettigluggum í farsamskiptatækinu, í hvert sinn sem reikiviðskiptavinur fer inn í annað aðildarríki en það þar sem sá sem veitir honum landsbundna þjónustu er og setur af stað reikigagnþjónustu í fyrsta sinn í því aðildarríki. Þær skulu veittar endurgjaldslausar á því augnabliki þegar reikiviðskiptavinurinn setur af stað reikigagnþjónustu, sem reglurnar eru settar um, með þeim hætti að auðvelt sé að veita þeim viðtöku og skilja þær.

Viðskiptavinur, sem hefur tilkynnt veitanda reikiþjónustu að hann þarfnist ekki sjálfvirku gjaldskráupplýsinganna, skal eiga rétt á því, hvenær sem er og endurgjaldslausar, að óska eftir því að veitandi reikiþjónustu veiti þjónustuna á ný.

3. Sérhver veitandi reikiþjónustu skal gefa öllum reikiviðskiptavinum sínum tækifæri á því að velja sérstaklega og endurgjaldslausar þjónustu sem veitir upplýsingar um heildarnotkun reikigagnþjónustu sem reglurnar eru settar um, gefna upp í magni eða í þeim gjaldmiðli sem reikningar viðkomandi reikiviðskiptavinar eru gerðir í, og sem tryggir að heildarútgjöld viðskiptavinarins vegna reikigagnþjónustu sem reglurnar eru settar um á tilteknu tímabili, að frátöldum myndskilaboðum sem gjaldfærð eru eftir einingum, fari ekki yfir tiltekin fjárhæðarmörk ef afdráttarlausar samþykki hans liggur ekki fyrir.

Í þessu augnamiði skal veitandi reikiþjónustu bjóða eina eða fleiri hámarksfjárhæð fyrir tiltekin notkunartímabil, að því gefnu að viðskiptavininum hafi fyrir fram verið tilkynnt um magnið sem samsvarar þeim. Ein af þessum hámarksfjárhæðum (sjálfvirka hámarksfjárhæðin) skal vera nærri 50 evrum, en ekki meira en það, af útistandandi gjöldum á mánaðarlegu reikningstímabili (að undanskildum virðisaukaskatti).

Einnig getur veitandi reikiþjónustu sett mörk, sem miðast við uppgæfið magn, að því gefnu að viðskiptavininum hafi fyrir fram verið tilkynnt um fjárupphæðirnar sem samsvara þeim. Eitt af þessum mörkum (sjálfvirka magnhámarkið) skal miðast við samsvarandi fjárupphæð sem nemur ekki meira en 50 evrum af útistandandi gjöldum á mánaðarlegu reiknings-tímabili (að undanskildum virðisaukaskatti).

Að auki getur veitandi reikiþjónustu boðið sínum reikiviðskiptavinum önnur hámark sem miðast við ólíkar, þ.e. hærri eða lægri mánaðarlegar hámarksfjárhæðir.

Sjálfvirka hámarkið, sem um getur í annarri og þriðju undirgrein, skal taka gildi fyrir alla viðskiptavini sem ekki hafa valið annað hámarkið.

Sérhver veitandi reikiþjónustu skal einnig tryggja að viðeigandi tilkynning sé send í farsamskiptatæki viðkomandi reikiviðskiptavinar, t.d. með smáskilaboðum, tölvupósti eða

sprettiglugga í tölvunni, þegar reikigagnþjónustan er komin upp í 80 % af umsömdu verð- eða magnhámarki. Allir viðskiptavinir skulu eiga rétt á að fara fram á að veitandi reikiþjónustu hætti að senda slíkar tilkynningar og skulu eiga rétt á að fara fram á, hvenær sem er og endurgjaldslausar, að þjónustuveitandinn hefji að veita þjónustuna á nýjan leik.

Ef annars væri farið yfir þetta verð- eða magnhámark skal senda viðkomandi reikiviðskiptavini tilkynningu í farsamskiptatæki hans. Í þessari tilkynningu skal greina frá því ferli sem skal fylgja óski viðskiptavinarinn eftir að notfæra sér þjónustuna áfram með tilheyrandi kostnaði við hverja viðbótareiningu sem er notuð. Ef reikiviðskiptavinurinn bregst ekki við því sem fram kemur í tilkynningunni skal þjónustuveitandi heimanetsins tafarlaust hætta að veita viðkomandi reikiviðskiptavini reikigagnþjónustu og rukka hann fyrir hana, nema og þar til reikiviðskiptavinurinn fer fram á að þjónustunni verði haldið áfram eða hún endurnýjuð.

Hvenær sem reikiviðskiptavinur óskar eftir að fá eða hætta að fá þjónustu, sem hefur verð- eða magnhámark skulu skiptin framkvæmd innan eins virks dags frá því að beiðnin er móttækin, án endurgjalds og skulu ekki hafa í för með sér skilyrði eða takmarkanir sem lúta að öðrum þáttum áskriftarinnar.

4. Ákvæði 2. og 3. mgr. skulu ekki gilda um tæki fyrir samskipti milli véla sem nota fargagnasamskipti.

5. Veitendur reikiþjónustu skulu gera skynsamlegar ráðstafanir til að verja viðskiptavini sína fyrir því að greiða reikigjöld vegna reiki fyrir slysi þegar þeir eru staddir í heimaaðildarríki sínu. Þar á meðal skal veita viðskiptavinum upplýsingar um hvernig eigi að komast hjá reiki fyrir slysi á landamærasvæðum.

6. Ákvæði þessarar greinar, að málsgrein 5 undanskilinni, og með fyrirvara um annan og þriðja undirlið þessarar málsgreinar, skulu einnig gilda um reikigagnþjónustu sem viðskiptavinir reikiþjónustu nota á ferðalögum utan Sambandsins og sem veitt eru af veitanda reikiþjónustu.

Ef viðskiptavinur velur þjónustuna sem um getur í fyrsta undirliði 3. mgr., skulu kröfurnar sem kveðið er á um í 3. mgr. ekki gilda ef rekstraraðili heimsóttá netsins í heimsóttá landinu utan Sambandsins heimilar ekki veitanda reikiþjónustu að vakta notkun viðskiptavinarins í rauntíma.

Í því tilviki skal tilkynna viðskiptavininum með smáskilaboðum við komu í það land, án ástæðulausrar tafar og án endurgjalds, um að upplýsingar um uppsafnaða notkun og trygging fyrir því að fara ekki yfir tiltekin fjárhæðarmörk séu ekki til staðar.

*16. gr.***Eftirlit og framkvæmd**

1. Landsbundin stjórnvöld skulu hafa eftirlit og umsjón með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar á yfirráðasvæði þeirra.

2. Landsbundin stjórnvöld skulu sjá til þess að uppfærðar upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar, einkum 7., 8., 9., 10., 12. og 13. gr., séu fáanlegar opinberlega með þeim hætti sem gerir hagsmunaaðilum kleift að hafa greiðan aðgang að þeim.

3. Landsbundin stjórnvöld skulu til undirbúnings fyrir endurskoðunina sem kveðið er á um í 19. gr. fylgjast með þróun heildsölu- og smásölugjalda fyrir að veita reikivíðskiptavinum tal- og gagnafjarskiptaþjónustu, þ.m.t. smáskilaboð og myndskilaboð, m.a. á ystu svæðum Sambandsins sem um getur í 349. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Landsbundin stjórnvöld skulu einnig vera á varðbergi fyrir tilvikum þar sem reiki fyrir slysi á sér stað á landamærasvæðum samliggjandi aðildarríkja og fylgjast með því hvort aðferðum til að stýra umferð sé beitt þannig að viðskiptavinir verði fyrir óhagræði.

Landsbundin stjórnvöld skulu vakta og safna upplýsingum um reiki fyrir slysi og gera víðeigandi ráðstafanir.

4. Landsbundin stjórnvöld skulu hafa heimild til að krefjast þess að fyrirtæki sem bundin eru skyldum samkvæmt þessari reglugerð veiti allar víðeigandi upplýsingar um beitingu og framkvæmd reglugerðarinnar. Þessi fyrirtæki skulu veita slíkar upplýsingar tafarlaust ef þeirra er óskað og í samræmi við þau tímamörk og með þeirri nákvæmni sem landsbundið stjórnvald krefst.

5. Stjórnvöldum í hverju ríki fyrir sig er heimilt að grípa inn í, hvenær sem er, að eigin frumkvæði til að tryggja að farið sé að þessari reglugerð. Ef nauðsyn krefur skulu þau einkum nýta sér það vald sem þeim er fengið skv. 5. gr. tilskipunarinnar um aðgang til að tryggja fullnægjandi aðgang og samtengingu svo tryggja megi tengingu enda á milli og rekstrarsamhæfi reikiþjónustu, t.d. þegar viðskiptavinir geta ekki skipst á reikismáskilaboðum, sem reglurnar eru settar um, við viðskiptavini almenns jarðfjarskiptanets í öðru aðildarríki vegna þess að ekki hefur verið gerður samningur sem gerir kleift að senda þessi boð.

6. Komist landsbundið stjórnvald að því að brotið hafi verið gegn skyldunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal það hafa heimild til að krefjast þess að slíkt brot verði stöðvuð án tafar.

*17. gr.***Lausn deilumála**

1. Ef upp kemur deilumál í tengslum við skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð milli fyrirtækja sem bjóða fram rafræn fjarskiptanet eða -þjónustu í aðildarríki skal málsmeðferðin fyrir lausn deilumála sem mælt er fyrir um í 20. og 21. gr. rammtilskipunarinnar gilda.

2. Ef lausn fæst ekki í deilumáli sem neytandi eða notandi á hlut að og varðar málefni sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin tryggja að málsmeðferðin fyrir lausn deilumála utan dómstóla sem mælt er fyrir um í 34. gr. tilskipunarinnar um alþjónustu sé tiltæk.

*18. gr.***Viðurlög**

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði fyrir 30. júní 2013 og skulu tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

*19. gr.***Endurskoðun**

1. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða framkvæmd þessarar reglugerðar og, að höfðu samráði við almenning, leggja skýrslu um málið fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 30. júní 2016. Framkvæmdastjórnin skal einkum meta hvort markmið þessarar reglugerðar hafi náðst. Þá skal framkvæmdastjórnin m.a. taka eftirfarandi til skoðunar:

- a) hvort samkeppni hafi þróast með fullnægjandi hætti til að réttlæta það að hámarkssmásölugjald renni út,
- b) hvort samkeppni sé næg til að fjarlægja hámarksheildsölugjald,
- c) þróun og væntanlegar framtíðarhorfur heildsölu- og smásölugjalda fyrir að veita reikivíðskiptavinum tal-, smáskilaboða- og gagnafjarskiptaþjónustu borið saman við gjöld fyrir landsbundna farsímaþjónustu í aðildarríkjunum, bæði hvað varðar annars vegar viðskiptavini sem greiða fyrir fram og hins vegar þá sem greiða eftirá, og þróun í gæðum og hraða þjónustunnar,
- d) framboð og gæði þjónustunnar, þ.m.t. sú sem gæti komið í stað reikiþjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga, einkum í ljósi tæknilegra framfara,
- e) umfang þess ávinnings sem viðskiptavinir hafa haft af raunverulegum lækkunum á verði fyrir reikiþjónustu, mismunandi gjaldskrá og vörum sem eru í boði fyrir neytendur með ólík símtalamynstur og mun á reiki-gjaldskrá og innlendum gjaldskrá, þ.m.t. tiltækileiki tilboða sem bjóða eina gjaldskrá fyrir landsbundna þjónustu og reikiþjónustu,
- f) samkeppnisstig á bæði smásölu- og heildsölumörkuðum, einkum samkeppnisstöðu lítilla, óháðra eða nýrra rekstrar- aðila, þ.m.t. samkeppnisáhrif viðskiptasamninga og samtengingarstigið milli rekstraraðila.

- g) umfang árangurs af framkvæmd skipulagsráðstafananna sem kveðið er á um í 3. og 4. gr. við þróun samkeppni á innri markaðinum fyrir reikiþjónustu að því marki að munurinn á reikigjaldskrá og landsbundinni gjaldskrá hafi nálgast núll,
- h) að hve miklu leiti hámarksheildsölu- og smásölugjöld hafi veitt fullnægjandi vernd gegn óhóflegu verði til neytenda ásamt því að gera mögulegt að þróa samkeppni á innri markaðinum fyrir reikiþjónustu.

2. Ef skýrslan sýnir að skipulagsráðstafanirnar sem kveðið er á um í núverandi reglugerð hafi ekki verið nægjanlegar til að stuðla að samkeppni á innri markaðinum fyrir reikiþjónustu í þágu allra neytenda í Evrópu eða að munurinn á reikigjaldskrá og landsbundnum gjaldskrá hafi ekki nálgast núll, skal framkvæmdastjórnin leggja viðeigandi tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið til að taka á því og koma þannig á innri markaði fyrir farsímaþjónustu, að lokum án þess að munur sé á landsbundinni gjaldskrá og reikigjaldskrá. Framkvæmdastjórnin skal einkum kanna hvort nauðsynlegt sé:

- a) að mæla fyrir um viðbótar tæknilegar og kerfislegar ráðstafanir,
- b) að breyta skipulagsráðstöfunum,
- c) að framlengja gildistíma og hugsanlega endurskoða hámarksmásölugjöld sem kveðið er á um í 8., 10. og 13. gr.,
- d) að breyta gildistíma eða hugsanlega endurskoða hámarksheildsölugjöld sem kveðið er á um í 7., 9. og 12. gr.,
- e) að taka upp aðrar nauðsynjarkröfur, þ.m.t. að ekki sé greint á milli reikigjaldskrár og landsbundinnar gjaldskrár.

3. Að auki skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið á tveggja ára fresti eftir skýrsluna sem kveðið er á um í 1. mgr. Í hverri skýrslu skal vera samantekt á vöktun á veitingu reikiþjónustu í Sambandinu og mat á

framvindu í átt að því að ná fram markmiðum þessarar reglugerðar, þ.m.t. með vísan til mála sem um getur í 1. og 2. mgr.

4. Til að meta þróun samkeppni á reikimörkuðum í Sambandinu, skal evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta reglulega safna gögnum frá landsbundnum stjórnvöldum um þróun á smásölu- og heildsölugjöldum fyrir reikiþjónustu fyrir talsíma, smáskilaboð og gagnaflutninga. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um þessi gögn minnst tvisvar á ári. Framkvæmdastjórnin skal birta þau opinberlega.

Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta skal einnig árlega safna upplýsingum frá landsbundnum stjórnvöldum um gagnsæi og samanburðarhæfi mismunandi gjaldskráa sem rekstraraðilar bjóða viðskiptavinum sínum. Framkvæmdastjórnin skal birta þessi gögn og niðurstöður opinberlega.

20. gr.

Tilkynningaskylda

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða landsbundna stjórnvald beri ábyrgð á því að annast verkefni samkvæmt þessari reglugerð.

21. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 717/2007 er felld úr gildi í samræmi við I. viðauka frá og með 1. júlí 2012.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

22. gr.

Gildistaka reglugerðarinnar og niðurfelling hennar

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og ákvæði hennar gilda frá þeim degi nema kveðið sé á um annað í tilteknum greinum.

Hún fellur úr gildi 30. júní 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 13. júní 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

M. Schulz

forseti.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

N. Wammen

forseti.

I. VIÐAUKI

Niðurfelld reglugerð ásamt breytingum

(sem um getur í 21. gr.)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 717/2007

(Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 32)

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009

eingöngu 1. gr.

(Stjtið. ESB L 167, 29.6.2007, bls. 12)

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EB) nr. 717/2007	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
—	2. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	3. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 4. mgr. 1. gr.	5. mgr. 1. gr.
Annar málsliður fyrstu undirgreinar 4. mgr. 1. gr.	Fyrsta undirgrein 6. mgr. 1. gr. Fyrsta undirgrein 7. mgr. 1. gr.
Fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 4. mgr. 1. gr.	Fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 6. mgr. 1. gr. Fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 7. mgr. 1. gr.
Annar málsliður annarrar undirgreinar 4. mgr. 1. gr.	Annar og þriðji málsliður annarrar undirgreinar 6. mgr. 1. gr. Annar og þriðji málsliður annarrar undirgreinar 7. mgr. 1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 2. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 2. gr.
a-liður 2. mgr. 2. gr.	i-liður 2. mgr. 2. gr.
b-liður 2. mgr. 2. gr.	a-liður 2. mgr. 2. gr.
—	b-liður 2. mgr. 2. gr.
—	c-liður 2. mgr. 2. gr.
c-liður 2. mgr. 2. gr.	d-liður 2. mgr. 2. gr.
g-liður 2. mgr. 2. gr.	e-liður 2. mgr. 2. gr.
d-liður 2. mgr. 2. gr.	f-liður 2. mgr. 2. gr.
f-liður 2. mgr. 2. gr.	g-liður 2. mgr. 2. gr.
e-liður 2. mgr. 2. gr.	h-liður 2. mgr. 2. gr.
i-liður 2. mgr. 2. gr.	j-liður 2. mgr. 2. gr.
j-liður 2. mgr. 2. gr.	k-liður 2. mgr. 2. gr.
h-liður 2. mgr. 2. gr.	l-liður 2. mgr. 2. gr.
k-liður 2. mgr. 2. gr.	m-liður 2. mgr. 2. gr.
—	n-liður 2. mgr. 2. gr.
—	o-liður 2. mgr. 2. gr.
—	p-liður 2. mgr. 2. gr.
—	q-liður 2. mgr. 2. gr.
—	3., 4., 5. og 6. gr.,
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 7. gr.
2. mgr. 3. gr.	2. mgr. 7. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 3. gr.	—
Önnur undirgrein 3. mgr. 3. gr.	3. mgr. 7. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 8. gr.
2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 8. gr.

Reglugerð (EB) nr. 717/2007	Þessi reglugerð
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 4. gr.	—
Önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr.	3. mgr. 8. gr.
Þriðja undirgrein 3. mgr. 4. gr.	4. mgr. 8. gr.
4. mgr. 4. gr.	5. mgr. 8. gr.
4. gr. a	9. gr.
4. gr. b	10. gr.
7. mgr. 4. gr. b	—
4. gr. c	11. gr.
—	12. gr.
—	13. gr.
Fyrsti til fimmta undirgrein 1. mgr. 6. gr.	Fyrsti til fimmta undirgrein 1. mgr. 14. gr.
—	Sjötta undirgrein 1. mgr. 14. gr.
2. mgr. 6. gr.	2. mgr. 14. gr.
Fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr. 6. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr. 14. gr.
—	Þriðja undirgrein 3. mgr. 14. gr.
—	4. mgr. 14. gr.
6. gr. a	15. gr.
—	4. mgr. 15. gr.
—	5. mgr. 15. gr.
—	6. mgr. 15. gr.
4. mgr. 6. gr. a	—
7. gr.	16. gr.
—	Önnur undirgrein 3. mgr. 16. gr.
8. gr.	17. gr.
9. gr.	18. gr.
10. gr.	—
Inngangsorð 1. mgr. 11. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 19. gr.
—	a- og b-liður 1. mgr. 19. gr.
Fyrsti til fjórði undirliður, fyrstu undirgreinar 1. mgr. 11. gr.	c- f-liður 1. mgr. 19. gr.
—	g- og h-liður 1. mgr. 19. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 11. gr.	—
—	2. mgr. 19. gr.
2. mgr. 11. gr.	3. mgr. 19. gr.
—	4. mgr. 19. gr.
12. gr.	20. gr.
—	21. gr.
13. gr.	22. gr.